



Ljósmynd: Birna Viðarsdóttir

Rófnarækt er helsta atvinnugrein fjölskyldunnar að Norður-Hvoli í Mýrdal. Fyrir skömmu var byrjað að taka upp rófur, fyrst til að koma nýrri uppskeru í verslanir, en síðan til að setja í geymslur sem þjóna markaðnum næsta árið. Birna Viðarsdóttir sagði að uppskeran hjá þeim í haust væri í meðallagi en árið í fyrra hefði verið mjög lélegt. Hún og eiginmaður hennar, Einar Magnússon, selja uppskeruna til Sölufélags garðyrkjumanna sem síðan kemur henni í verslanir. -ög

Fimm íbúðir rísa við Sólbakka á Hvolsvelli

Við Sólbakka á Hvolsvelli er nú verið að byggja fimm nýjar íbúðir. Íbúðirnar eru skammt frá hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoli og er hugsunin sú að þeir sem þarna búa geti í framtíðinni nýtt sér þjónustu Kirkjuhvals.

Sveitarfélagið hefur jafnframt sótt um styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að halda áfram uppbyggingu Kirkjuhvals. Ísólfr Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra, sagði að þetta væri eiginlega stærsta verkefni þessa

kjörtímabils og að Rangæingar vonuðust til að fá styrk í þetta verkefni frá ríkinu. „Við treystum á heilbrigðisráðherra og þingmenn kjördæmisins að hjálpa okkur í þessu sambandi,“ sagði Ísólfr Gylfi.

-ög



Fyrirtækið Húskarlar ehf. vinnur nú að smíði fimm íbúða við Sólbakka á Hvolsvelli.

Íþróttahúsið á Flúðum stækkað um helming

Framkvæmdir við stækkun íþróttahússins á Flúðum ganga vel en það er verktaka-fyrirtækið Jáverk sem reisir húsið. Uppsteypu er lokið og ytra byrði hússins er nú þegar komið.

Að sögn Jóns G. Valgeirs-sonar, sveitarstjóra Hruna-mannahrepps, er verkið á áætlun en fyrirhugað er að taka húsið í notkun haustið 2015. „Þetta er síðari áfangi íþróttahússins, en fullbyggt mun rúmast í því löglegur handboltavöllur. Auk þess er verið að reisa 180 fm áhaldageymslu við hliðina á húsinu,“ sagði Jón.

-ög



Framkvæmdir við stækkun íþróttahússins á Flúðum ganga vel.

Skólastarfið komið á fullt

Skólastarf er nú hafið viðast Shvar á Suðurlandi. Fyrstu vikurnar ríkir oftast spennan og eftirvænting, bæði hjá nemendum og kennurum. Laugalandsskóli í Holtum er þar engin undantekning. Mikil tilhlökkun ríkti þegar skólinn hófst um síðustu mánaðamót. Í skólanum eru tæplega 70 nemendur og 14 starfsmenn vinna við skólann í mismunandi



Kristinn Ásgeir í náttúrufræðitíma í 5.-7. bekk í Laugalandsskóla.

Herdís Gunnarsdóttir nýr forstjóri HSu

Herdís Gunnarsdóttir hefur verið skipuð forstjóri nýrrar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem tekur til starfa 1. október næstkomandi. Herdís var valin úr hópi tíu umsækjenda og var önnur tveggja sem metnir voru hæfastir.

Í umsögn hæfnisnefndar um Herdís segir að hún uppfylli mjög vel skilyrði auglýsingar um menntun. Hún hafi verið stjórnandi á klínísku sviði um



Herdís Gunnarsdóttir, nýr forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

árabil og verið leiðandi í ýmsum vísinda, þróunar- og umbótaverkefnum á Landspítala í nokkur ár. Hún hafi góða yfirsýn yfir heilbrigðismál og menntun heilbrigðisstétta og skýra sýn á stefnu stjórnvalda og skipulag þjónustunnar.

Ný Heilbrigðisstofnun Suðurlands verður til við sameiningu heilbrigðisstofnana á Selfossi, Höfn og í Vestmannaeyjum.

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Selfossi - Sími 699 1985 / 772 2142

Er potturinn rétt stilltur?
Fáðu fagmann í verkið!

- Cabas tjónaskoðun fyrir öll tryggingafélög.
- Rúðuskipti- allar rúður í öllum gerðum bifreiða.
- Rétting og sprautun fyrir alla tegundir bifreiða.
- Traust og góð þjónusta fyrir bílinn þinn.
- Þjónusta með bílaleigubíla á staðnum.
- Fimm stjörnu verkstæði.
- Bilgreinasambands gæðavottun fyrir þjónustu



Rétting og málun ehf 480-8020

Breiðumýri 1 - Selfossi





Knattspyrnuslið 2014

UMF SELFÖSS 1938 HVÍTAHÚSIÐ

Lokahólf meistaraflakks og 2. flokks karla og kvenna verður haldið laugardagskvöldið 27. september í Hvítahúsinu. Knattspyrnumenn og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta og enda skemmtilegt fótboltasaman á einstöku kvöldi.

Matseðill:
Rjómalöguð sjávarréttasúpa og brauð
Villikryddað lamb, smjörgljáðar kartöflur, grænmeti og skógarsveppasósa.
Kaffi og konfekt.

Dagskrá:
Verðlaunaafhending, Skemmtiatriði
Stórdansleikur með SÁLIN HANS JÓNS MÍNS, TJ the DJ.
Veislustjóri: Einar Bárðarson

Miðaverð: 6.500 kr.

Forsala miða: Guðfinna T. s: 899-7752 og Þóra J. s: 893-2844 - Húsið opnar kl. 19 og kl. 00 fyrir almenning

Knattspyrnuslið BALLIÐ 2014

UMF SELFÖSS 1938 HVÍTAHÚSIÐ

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS 27. SEPT



HÚSIÐ OPNAR KL. 00:00 FYRIR ALMENNING!



HAMBORGARA Bullan

Eyravegi 32, Selfossi
Sími 571 8288

Reykjavík - Hafnarfjörður - Selfoss
London - Berlín - Kaupmannahöfn

Komdu í heimsókn!

»DFS.is

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



FAUX

Fimmtudagur: Minute to win it leikur! Dj's klára kvöldið.

Föstudagur: Dj.Búni

Laugardagur: Steindi Jr. / Bent / Dj's Kvöldið byrjar á „Steindinn Okkar“ á risaskjá!

2 For 1 af Jökul köldum & Mojito. 21:00-23:00 allar helgar.

Töfrateppi á tilboði alla helgina.

BAR

SENNILEGA BESTI BAR Í HEIMI
Eyravegi 2, Selfossi

FRÓN

heittasti tónlistar- & næturklúbbur á Íslandi

Fimmtudagur
Hinn frábæri Magnús Kjartan spilar fyrir ykkur og syngur, það kallast víst Trúbbastemning :) Fimm í fötu á 2.500!

Föstudagur
Úr höfuðborginni kemur DJ BS Tempo sem hefur gert það glimrandi gott á hinum ýmsu skemmtistöðum! Komdu út að dansa!

Laugardagur
BRAZIL BALLANTINESVEISLA kl. 23:00!! 100 fyrstu fá ljúffengan BRAZIL BALLANTINES drykk og BRAZIL BALLANTINES verður á massa góðu verði! Hinn ofursvali SETH SHARP spilar í fyrsta sinn á FRÓN! Hann er hrikalega vinsæll - þú vilt ekki missa af þessu kvöldi!

Boltinn í beinni - Rizzo Pizzur, Lúxus Nachos og Boltabjör!

Laugardagur
11:35 Arsenal - Man. City
13:50 Barcelona - Athletic Chelsea - Swansea
Sunderland - Tottenham
16:20 Liverpool - Aston Villa
17:50 Real Madrid - Atletico Madrid


Sunnudagur
14:50 Man. United - QPR

Þriðjudagur
18:30 Liverpool - Ludogereets

Boltinn í beinni
fron@fronclub.is / Eyravegi 35 / 800 selfoss

ÞÚ PASSAR HANN VIÐ PÖSSUM ÞIG

VELDU ÖRYGGI FYRIR ÞIG OG ÞÍNA



HANKOOK

Ventus K115 Kynergy Dynapro



Deikjaverkstæði Smurpjunusta Smávergerðir Hjólastillingar Bremsuklassar Rúðupunktur Rúðuvöki Rafgeymar Peruskípti

VAXTALAUSAR 12 mánaða ÁRBOGARIN

Nánari upplýsingar
www.solning.is

SÓLNING
Renndu við

Smíðjuvegi 68-72, Rvk | Hjallahrauni 4, Hfj | Fitjbraut 12, Hjarðvík | Eyravegi 33, Selfossi | Þaðinn, Skútuvogi 2

Ályktun forvarnahóps Árborgar er varðar kynfræðslu í Selfoskirkju

„Í ljósi umræðu um kynfræðslu sem fram fór í Selfoskirkju á dögunum vill Forvarnahópur Árborgar koma því á framfæri að hópurinn styður heilshugar við þetta fræðslustarf kirkjunnar. Að sama skapi telur forvarnahópurinn að almennt megi styrkja kynfræðslu hér á landi.“

Forvarnahópur Árborgar.

Pakkhúsið opnað eftir sumarfrí

Pakkhúsið á Selfossi hefur nú verið opnað aftur eftir sumarfrí og er margt á döfinni í vetur. Pakkhúsið er ungmennahús ætlað fólki á aldrinum 16-25. Það er staðsett fyrir aftan ráðhúsið og er opið alla virka daga. Húsið býður upp á hina ýmsu viðburði, stóra sem smáa, allt frá léttum kósýheitum til stórra tónleika. Í húsinu eru margskonar leikjatölvur, allar fánlegar sjónvarpsstöðvar, pool-borð og nærri allt sem þarf til að stytta sér stundir.

Í sumar voru gerðar töluverðar breytingar á húsnæðinu. Unnið var að því að gera húsið þægilegra á allan hátt. Nýtt herbergi var innréttað tileinkað spilahópum og tvö ný hljóðkerfi fyrir sjónvarp og leikjatölvur. Svo má alls ekki gleyma Stúdíó Himnaríki sem er hljóðver í kjallara hússins, en það er opið öllum sem vilja æfa eða taka upp. Af starfsemi í húsinu má m.a. nefna mánaðarlega tónleika, spilahópa, mót í tölvu-



leikjum á borð við Fifa, stelpukvöld, markaði, bíósýningar og fjöldann allan af íþróttaviðburðum svo sem meistaradeildina í fótbolta, UFC, NBA og margt fleira. Pakkhúsið er opið öllum og er alltaf frítt.

Opnunartímar Pakkhússins eru mánudaga til fimmtudaga kl. 14.00-23.00 og föstudaga kl. 14.00-17.00. Helgaropnir eru auglýstar sérstaklega.

Fyrir hönd Pakkhússins.
Tómas Smári Guðmundsson,
starfsmaður Pakkhússins og
Lykla-Pétur Himnaríkis.

WWW.SELFOSSBIO.IS

SelfossBíó

KVIRMVNDALÍÐS

SÍMI: 517 7000



SÝNINGAPLAN	11.sept	12.sept	13.sept	14.sept	15.sept	16.sept	17.sept
12 PÓSTURINN PÁLL - ÍSL TAL - 3D		18:00	11:00, 13:00 15:00	11:00, 13:00 15:00	18:00	18:00	18:00
12 TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES - 3D	17:30		17:00	17:00			22:20
12 THE NOVEMBER MAN		22:20	22:00	22:00	20:00	22:20	
16 SIN CITY: A DAME TO KILL FOR	22:20				22:20		
16 PARÍS NORDURSINS	20:00	20:00	19:30	19:30		20:00	20:00

FRUMSÝNING TILBOÐ POWERSÝNING



BUXNADAGAR

Afsláttur af buxum

**Við erum
buxnasérfræðingar**

**Full búð af glæsilegum
haustvörum**

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



Viltu hafa áhrif?



Báran stéttarfélag og Verslunarmannafélag Suðurlands standa fyrir kjarapingi sem haldið verður þriðjudaginn 23. september nk. klukkan 16.00 – 21.30.
Allir félagsmenn eru hvattir til að mæta.

Dagskrá

- | | |
|---|---|
| 16:00 Móttaka – þátttakendur boðnir velkomnir – Halldóra S. Sveinsdóttir | 19:30 Farið yfir niðurstöður frá stefnumótunarfundi Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi þann 26. september 2011 – Eyrún B. Valsdóttir. |
| 16:10 Kjaramál og umræður – Drífa Snædal. | 20:00 Hópavinna hefst – 2. umferð. Innra starf / áherslur í starfi félagsins. Framtíðarsýn. Hvað hefur tekist og hvað ekki? |
| 16:45 Málefni 41. þings ASÍ. Farið yfir helstu þætti úr umræðuskjali sem send hafa verið til stéttarfélaganna – Henny Hinz. | 20:30 Kynning á niðurstöðum 2. umferðar. |
| 17:15 Hópavinna hefst – 1. umferð. Hverjar eiga áherslur að vera á þingi ASÍ? Hvað viljum við sjá í næstu kjarasamningum? Hvernig förum við að? | 21:00 Edda Björgvinsdóttir lýkur ráðstefnunni með skemmtilegheitum. |
| 18:30 Kynning á niðurstöðum 1. umferðar. | |
| 19:00 Kvöldverður. | |

Pingið verður haldið á Hótel Selfossi. Skráning er hafin og fer fram á netfanginu thor@midja.is eða á skrifstofu félaganna í síma 480 5000.
Skráningu lýkur föstudaginn 19. september nk.



20%
afsláttur

Gildir út september.

Nicorette

Fruitmint, forðaplástrar og innsogslyf.
Allar pakkningar og styrkleikar.



www.lyfja.is

**Lægra
verð í
Lyfju**



Fjölskyldan á fjallið

- Gönguverkefni HSK sumarið 2014



Enn hægt að ganga á fjöll og taka þátt í gönguverkefninu

Nú hafa öll fjöllin sextán í Gönguverkefni HSK og Dagskrárinnar þetta sumarið verið kynnt til sögunnar. Formlega stendur gönguverkefnið til 15. október og því enn góður tími til að ganga á fjöll þegar vel viðrar. Þeir sem vilja skrá þátttöku sína í gönguverkefninu í sumar og taka þátt í léttum leik geta farið inn á heimasíðu HSK og prentað út sérstakt þátttökublað. Þar skal skrá niður nöfn göngufólks og hvenær gengið var á viðkomandi fjall. Í október verða svo heppnir þátttakendur dregnir út og fá þeir vöruúttekt í Intersport sem er stuðningsaðili verkefnisins. Þeir sem ganga á öll fjöllin, sextán að tölu, fá sérstakt viðurkenningarskjal. Skilafrestur er til 15. október. Hægt er að afla sér upplýsinga um þau fjöll sem þegar hafa verið kynnt með því að fara inn á heimasíðu HSK. Þátttökublöðum má skila til skrifstofu HSK að Engjavegi 48, 800 Selfoss eða í netfangið hsk@hsk.is.

Búrfell



Stóri Dímon



Ingólfsfjall



Fagrafell



Þríhyrningur



Hvolsfjall



Langholtsfjall



Gíslholtsfjall



Bjölfell



Þórólfsfell



Dalafell Reykjadalur



Miðfell



Mosfell



Vörðufell



Skarðsfjall



Gullkista



Félag eldri borgara Eyrarbakka

Mánudaginn 15. sept. kl. 13:00 byrjar spilavistin, kaffiveitingar.
Miðvikudaginn 27. sept. kl. 20:00, þrjónakvöld.



Útgefandi: Dagskráin, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri og blaðamaður: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet Suðurlands, Eyraey 25, Selfossi, fyrir hádegis á þriðjudögum. Upplag 9000 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentmet - Umhverfissvöttuð prentsmíðja



Gáta vikunnar

Oft ég bátastokka strýk.
Straumur um mig renna.
Ég er kennd við fótaflík,
fer á blað úr penna.

Svar við gátu í blaði 2259: FAR

Far, skip. Skýjafar
Málfar. Fótafar.

Sunnlenski matgæðingurinn



Anna Birna Bráinsdóttir sýslumaður er sunnlenski matgæðingurinn þessa vikuna.

Ég er mikil áhugamanneskja um matargerð og ku víst slampast á að elda góðan mat a.m.k. svo að maðurinn minn hefur sagt að ef svo hrapallega vildi til að við þyrftum að skilja þá vildi hann samt fá að vera í mat. Ég elda ýmislegt, held mig þó aðallega við gamla góða íslenska eldhúsið sem ég bæti oft með ítölskum eða frönskum tiktúrum. Hér kemur einn viðfrægur ítalskur réttur sem er eldaður a.m.k. einu sinni á ári á mínu heimili í góðra vina hóp.

Osso buco

6 sneiðar af osso buco en (það hægt að fá hjá sláturhúsinu á Hellu)
2 laukar, saxaðir
2 stönglar selleri, saxaðir
2 gulrætur, saxaðar
10 (a.m.k.) hvítlauksgeirar, saxaðir
2 greinar timjan, 2 greinar rósmarín, 2 lárviðarlauf bundin saman í kryddvönd.
1 - 2 dósir heilir tómatar (eftir smekk)
4 dl nautasöð
3 dl hvítvín
Um 250 gr. hveiti, blandað með 2 msk. af salti og 2 tsk. pipar.

Osso buco er eldað í stórum steikarpotti í ofni og tekur um 3 klst. að eldast. Kjötinu er velt upp úr hveitiblöndunni og steikt við háan hita á pönnu ca. 2 mín. á hvorri hlið. Tekið til hliðar og geymt. Grænmeti og laukar saxað og léttsteikt, tómatar, soði og víni og kryddvöndum bætti í og látið malla í ca. 10 mín. Grænmetisgrauturinn settur í stóran steikarpott og nautasneidunum raðað ofan í. Lokið á pottinn og setjið inn í 200 gráðu heitan ofn. Eldað í um 3 klst. Snúið kjötbitunum við í pottinum einu sinni til tvisvar á þeim tíma.

Gremolata - blanda saman 4 msk. af fint saxaðri flatlaufa steinselj, rifnum berki af einni sítrónu og 2 rifnum hvítlauksgeirum. Blandið saman í skál. Gremolatanu er stráð yfir kjötið þegar það er komið á diskinn.

Kartöflustappa

(ómissandi með)

1 kg kartöflur (alls ekki bökunarkartöflur eða premier)

Ég skora á Loga Guðmundsson minkabónda í Neðra Dal undir Fjöllum að vera næsti matgæðingur en hann kann að elda ýmislegt sem við kunnum ekki s.s. eins og soðna þverhausa og pizzu með sardínu.

Matgæðingar eru beðnir að senda uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudagsmorgni.



1 hvítlaukur
1 búnt steinselja (helst flatlaufa)
100 gr. góður rifinn ostur t.d. Búri


80 gr smjör
Mjolk eftir þörfum,
1 tsk. salt (eftir þörfum)
1/4 tsk. pipar (eftir þörfum)

Kartöflurnar afhýddar, soðnar vel, vatninu hellt af. Smjórið brætt, hvítlauknum og steinseljinni, fint söxuðum, bætt út í smjórið. Sjóðheitar kartöflurnar stappaðar í pottinum til hálf, bræddu smjörinu, hvítlauknum og steinseljinni, salti og pipar bætt við og stappað aðeins meira. Síðan er kraftur settur í stöppuna og slettur af mjólk bætt út í við og við þar til æskilegri þykkt er náð að mati hvers og eins. Rifni osturinn settur út í síðast.

Risotto

3 dl hrisgrjón – Arborio eða venjul. grautarhrisgrjón
1 laukur, fint saxaður
80 g smjör
1 sítróna eða lime (2 lime ef lítið)
1,5 lítri hænsnasöð
(3 hænsnateningar leystir upp í vatni)
100-150 gr. gráðastur

Hitið soðið að suðu og haldið því heitu, rétt undir suðustig. Léttsteikið laukinn í helmingi smjörinsins. Bætið hrisgrjónunum út á pönnuna og blandið vel saman við smjórið. Bætið sítrónusafanum út í og látið sullast á pönnunni í ca. 3 mín, hæra vel í á meðan. Soðinu bætt út í, einni ausu í einu, þar til grjónin eru fullleidd, hætt stöðugt í. Þau eiga ekki að vera mauksöðin heldur halda smá biti. Þetta tekur um 20 mínútur. Bætið síðustu 30 g af smjóri og myljíð gráðastinn saman við. Bæta má við meiri osti eða sítrónusafa við eftir smekk. Einnig er gott að nota hvítvín í stað sítrónusafa.



Gott verð í Bónus 11.-14. sept.

GOTT VERÐ Í BÓNUS
100 kr. verðlækkun
Verð áður 1695 kr.kg



Islandsnaut Ferskt ungnautahakk

1595
kr. kg.



Goða frosið
Lambasúpukjöt

669
kr. kg.



259
kr. kg.



Hollenskar Perur



259
kr. kg.



Íslenskar
gulrofur



859
kr. kg.



Kjarnafæði Ferskt
lambasúpukjöt
1.flokkur



179
kr. kg.



Hollensk Jonagold epli



295
kr. kg.



Kjarnafæði Fersk lambalifur



295
kr. kg.



Kjarnafæði Fersk lambahjörtu



GOTT VERÐ Í BÓNUS
Pepsi 4x2
litrar +
170g snackpoki



898
kr.



**30%
AFSLÁTTUR**
Áður: 1598 kr.

1119
kr. 32 stk.

Prince Póló 32 stk. kassi



GOTT VERÐ Í BÓNUS
Góðan daginn!
Góður morgunmaturl

10% afsláttur
Við kassann; verð áður 589 kr

530
kr. 518g.



298
kr. 1 kg.



10% afsláttur
Við kassann; verð áður 798 kr.

718
kr. 2 kg



GOTT VERÐ Í BÓNUS
Ostapizza 300g
Margherita

**STONE OVEN PIZZA
MARGHERITA**

198
kr. stk.

GOTT VERÐ Í BÓNUS
Fjöla WC pappír
9 x 240 blöð
100 KR. VERÐLÆKKUN
Verð áður: 898 kr. níu rúllur



798
Níu rúllur



95
kr. 500ml

Föstudagur 12. september:

**Ofnsteikt lambalæri og beikonvafðar
kjúklingabringur með Bearnaise-sósu og
steiktu grænmeti 1.649 kr.**



Tryggvagötu 40, Selfossi - Sími 482 1770



Haustið er hentugur tími til
gróðursetningar!

Langi þig í lagleg tré með laufi eða barri, reyndu hvort ei réttast sé að renna við í Kjarri.

Ölfusi, 816 Ölfus
Símar 482 1718 & 846 9776
www.kjarr.is // kjarr@islandia.is

Gróðrarstöðin Kjarri

Vetrarstarf Kyrjukórsins í Þorlákshöfn að hefjast

Vetrarstarf Kyrjukórsins í Þorlákshöfn hefst með aðalfundi mándaginn 22. september kl. 18:30 í Þorlákskirkju og æfingu að aðalfundi loknum. Kyrjukórinn er kvennakór sem æfir í Þorlákskirkju á mánudagskvöldum kl. 19.30 undir stjórn Sigurbjargar Hv. Magnúsdóttur. Kórinn samanstendur af konum sem hafa gaman af söng og góðum félagskap.

Í tilkynningu segir að þær syngi frá því farfuglarnir fara og þar til þeir koma aftur. Allar konur eru velkomnar. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu kórsins á www.123.is/Kyrjukorinn.



Kyrjukórinn í Þorlákshöfn.

Fljótprjónuð leikskólapeysa

Nú þegar haustar er gott að eiga klæðilega ullarpeysu sem auðvelt er að prjóna og unnin er úr garni sem þolir að fara í þvottavél.

Við notum sokkagarnið okkar Hot Socs í peysuna, það er niðsterkt og fæst í fjölda fallegra lita. Garnið er litfjórð og mynstrar sig því sjálft. Peysan er höfð nokkuð síð, þannig að hún nái vel niður fyrir bossann og vermi hann líka.



Þessi uppskrift er miðuð við 4-5 ára börn, en auðvelt er að stækka/minnka hana eftir aldri barns.

Efni: 2 dk Hot Socs ullargarn, ermaprjónar og 60 cm hringprjónn no 4, hjálparnælur, prjónamerki og ein tala. (Athugið að 150 gr eru í garndokkunni, svo þið munið eiga dálítinn afgang sem hentar þá vel í nett sokkapar, vettinga eða húfu í stíl við peysuna).

Búkur: Fitjið upp 154 l á hringprjón no 4 og prjónið perluprjón (1. umf. *1 sl, 1 br* út umferðina, 2. umf *1 br 1 sl* út umferðina) prjónið þessar tvær umferðir til skiptis alls 10 umf.

Í næstu umferð aukum við út um 10 l (alls 164 á prjóninum) og prjónum slétt prjón þar til bolurinn mælist 35 cm. Skiptið þá í fram- og bakstykki með því að setja síðustu 8 l á nælu til geymslu, prjónið 74 l og setjið 8 síðustu lykkjurnar á hjálparnælu og prjónið næstu 74 l sléttar.

Ermar: Fitjið upp 38 l á sokkprjóna no 4 og prjónið perluprjón alls 10 umf. Aukið í næstu umf um 2 l (alls 40 l á prjóninum). Prjónið áfram slétt prjón en aukið í 6. hverri umferð um tvær lykkjur, sína hvoru megin við upphafslykkjuna, alls 7 sinnum (þá eru 54 l á prjóninum). Prjónið þar til ermin mælist 25 cm. Setjið þá fyrstu 4 og síðustu 4 lykkjurnar á hjálparnælu. Prjónið aðra ermi eins.

Berustykki: Prjónið nú framstykki bolsins, 74 l, prjónið aðra ermina við (46 l), þá bakstykkið og loks seinni ermina. Þá eiga að vera 240 lykkjur á prjóninum.

Nú hefst úrtaka sem er gerð í perluprjónsborða og gott er að merkja fyrir henni með prjónamerki. Athugið að úrtakan er alltaf gerð í brugðinni lykkju, þ.e. tvær lykkjur eru prjónaðar saman brugnar.

Prjónið 71 l af framstykkinu, þá *2 l saman brugðið, 1 sl, 1 br, 1 sl, 2 br saman*, prjónið yfir ermina 42 l og endurtakið úrtökuna, og gerið eins við hina ermina. Þessi úrtaka er endurtekin í annarri hverri umferð, en í hinni umferðinni er slétt prjónað yfir brugna lykkju og brugðið yfir slétta, þannig myndast nettur perluprjónsborði yfir 5 lykkjur upp með úrtökunni. Haldið áfram þar til 72 l eru eftir á prjóninum.

Skiptið þá yfir í perluprjón og prjónið 9 umf í hring. Þá gerum við kraga með því að prjóna fram að miðlykkju framstykkið og snúa þar við, höldum áfram að prjóna perluprjón, nú fram og til baka, 15 umferðir til viðbótar, fellið laust af. Við lok affellingar búum við til lítið hnappagat með því að búa til tvöfalda lykkju úr garninu og kappmella snyrtilega í kringum þær. Slítið garnið frá og gangið frá endum, saumið sæta tölu á kragann.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Leikskólinn Brimver/Æskukot óskar eftir að ráða proskapjálfa í 100% starf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Proskapjálfafræði eða hliðstæð menntun
- Lipurð í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Karlar, jafnt sem konur, eru hvattir til að sækja um starfið.

Staðgengill leikskólastjóra við leikskólann Brimver/Æskukot óskast

Starfstöð er við leikskólann Brimver á Eyrarbakka.

Meginverkefni staðgengils.

- Staðgengill leikskólastjóra
- Deildarstjórnun að hluta
- Vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu
- Bera ábyrgð á, ásamt leikskólastjóra, að unnið sé eftir aðalnámskrá, skólanámskrá og stefnu leikskólans
- Ábyrgð á foreldrasamvinnu ásamt leikskólastjóra
- Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu skólstarfsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi áskilin
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á að takast á við krefjandi verkefni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni og umburðarlyndi
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum
- Góð íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar eru veittar af M. Sigríði Jakobsdóttur í síma 867 3999.

INNIMÁLNING
& LÖKK
**20%
AFSLÁTTUR!**

Erikur
veljið sjálf 3 stk.
1.299

ÚTSALA



Húsasmiðjunnar



POTTAPLÖNTUR
**20-50%
AFSLÁTTUR!**

BRJÁLAD
VERÐ!

HILLUREKKI
2.595 kr

Hillurekki Solid 50 Galva
150x75x30 cm
5803671
Ný sending, ekki útsöluvara



Rafhlöðuborvél 14.4V.
Black&Decker 2 rafhlöður
og taska.
5246006

RAFHLÖÐUBORVÉL
11.897 kr

BLACK & DECKER



BLACK&DECKER
**30%
AFSLÁTTUR!**

PARKET ÚTSALA

20% AFSLÁTTUR

HARÐPARKET • VÍÐARPARKET • KORKPARKET



Pekkt
vörumerki
á lægra verði

RAMBO • Barlinek • Tarkett • EGGER



GRILL
ÚTSALA

BROIL KING

52.720 kr

Gasgrill Broil King Royal 320
3 ryðfríir brennarar
3000604

Broil King
Great Barbecue Every Time



ÚTIVISTAR
FATNAÐUR
**30-70%
AFSLÁTTUR!**

TRUENORTH
Fatnaður
fyrir börn og
fulloröna



BLÖNDUNARTÆKI
**20-25%
AFSLÁTTUR!**

BLÖNDUNARTÆKI

7.995 kr

Blöndunartæki Damixa
Handlaugartæki með lyftitappa
8000800

damixa



GARÐHÚSGÖGN
**50%
AFSLÁTTUR!**

GARÐSETT

8.450 kr

Garðsett
Borð og 2 stólar
3901158



SMÁRAFTÆKI
**20%
AFSLÁTTUR!**

KAFFIVÉL

10.072 kr

Kaffivél Russell Hobbs
Purple passion 12 bollar
1840060



HNÍFAPÖR 24 STK.

4.495 kr

Hnífapör Aida
24 stk.
2201164

BÚSÁHÖLD
**30-70%
AFSLÁTTUR!**

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!

blómaval



HÚSASMIÐJAN

HLUTI AF BYGMA

*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“.
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



Verkstæði Magga Hermanns.

Yfirfærir hljóð- og myndefni á diska og flakkara s.s. af 8 mm, vhs, vinyl og fleiru. Tek einnig tæki í yfirhalingu, s.s. magnara, plötuspilara, útvörp og gamla gullmola ásamt öðrum viðgerðum á rafeindatækjum.

Hafið samband í síma 699 7684 eftir kl. 18 virka daga og eftir hádegi á laugardögum.

Grænmetismarkaðurinn á Leikhúsplaninu í Hveragerði

Opinn allar helgar til klukkan 18.00

Við hlöðna á gamla Eden

Nýtt íslenskt grænmeti uppskerið og pakkað daglega!



Starfsleyfi til kynningar

Í samræmi við reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, er eftirfarandi til kynningar hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands að Austurvegi 65 á Selfossi og á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags.

- Starfsleyfisskilyrði fyrir loðdýrabú að Stærri Bæ, Grímsnes- og Grafningshreppi
- Starfsleyfisskilyrði fyrir efnistöku í Lambafelli – Eden ehf.

Starfsleyfisskilyrðin eru einnig aðgengileg á heimasíðu HES, www.heilbrigðiseftirlitid.is. Athugasemdum skal skilað skriflega á skrifstofu HES að Austurvegi 65, Selfossi. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 9. október næstkomandi.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegur 65 • Selfossi • Sími: 480 8250 • hs@sudurland.is

Þáttur um Árborg á INN 15. september

Sjónvarpsstöðin INN hóf útsendingar sjónvarpsþátta í júní sl. sem heita Fyrirtækjaheimsóknir INN. Umsjónarmaður þáttanna er Sigurður K. Kolbeinsson og kvikmyndatöku annast Friðþjófur Helgason. Þáttunum er ætlað að sýna með fræðandi hætti starfsemi þekktra fyrirtækja á Íslandi og fjölluðu fyrstu þættirnir m.a. um heimsóknir til Eimskips, Icelandair og Ölgerðarinnar. Hafnar eru sýningar á nýrri þáttaröð, alls 13 þáttum og var sá fyrsti sýndur 1. september sl. Þegar Selfyssingurinn Jón Sigurðsson bauð INN í heimsókn í höfuðstöðvar Össurar hf í Reykjavík, en Jón hefur verið forstjóri fyrirtækisins í 18 ár.

Næskomandi mánudag, 15. september, verður gerð sú breyting á þáttunum að í stað fyrirtækis verður sýndur þáttur sem fjallar um heimsókn til Sveitarfélagsins Árborgar en sá þáttur verður í tvöfaldri lengd, eða rúmar 50 mínútur í útsendingu.

Að sögn Sigurður K. Kolbeinssonar er aðal viðmælandi í þættinum Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar. Auk hennar kemur fjöldi manns við sögu, þar má nefna; Ástfríði Sigurðardóttur, Hlyn Geir



Ásta Stefánsdóttir framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar og Sigurður K. Kolbeinsson þáttagerðarmaður á INN.

Hjartarson, Einar Elíasson, Ingunni Guðmundsdóttir, Einar Björnsson, sr. Úlfar Guðmundsson, Bjarna Harðarson, Einar Guðmundsson, Jónas Ársæls-son, Magnús Ólason og Olgu Lisu Garðarsdóttur, auk ungmenna sem stunda nám við grunnskóla og framhaldsskóla. Þá verða sýnd viðtöl við íbúa á Stokkseyri og Eyrarbakka, m.a. hjónin Astu Ragnarsdóttur og Valgeir Guðjónsson, Stuðmann.

Þátturinn mun bjóða uppá skemmtilegar og fræðandi frásagnir hinna ýmsu einstaklinga sem koma við sögu og um leið

upplýsa utanbæjarfólk um þá miklu þjónustu og fjölbreyttu búsetukosti sem í boði eru í Sveitarfélaginu Árborg.

Þátturinn verður frumsýndur mánudaginn 15. september kl. 21.00 en endursýndur nokkrum sinnum í eina viku. Auk þess að hægt er að nálgast hann frá og með 17. september á heimasíðu INN, www.inntv.is.

Þess má geta að viku síðar, eða 22. september, verður sýndur þáttur um heimsókn í Hótel Grímsborgir þar sem fræðst verður um ævi og störf veitingamannsins Ólafs Laufdal.

Sýningin List í héraði opnuð 4. október

List í héraði er málverka-sýning þar sem um tíu einstaklingar úr Rangárþingi, íslenskir og erlendir, koma saman og halda sýningu í Gallerý Ormi á Hvolsvelli. Þessir einstaklingar eiga það sameiginlegt að mála sér til skemmtunar og er þetta tækifæri fyrir þá að koma fram með myndir sínar og sýna afrakstur sinn.

Þetta er 4. skipti sem List í héraði heldur sýningu og er

viðburðurinn styrktur af Menningarráði Suðurlands. Fyrri sýningar hafa verið á við og dreif í fyrirtækjum á Hvolsvelli en í ár er sú nýbreytni að listamennirnir koma úr öllu Rangárþingi og halda sýningu á einum stað. Sýningin opnar laugardaginn 4. október og stendur uppi allan októbermánuð. Á sýningunni gefst fólki kostur á að sjá hvað þátttakendur eru fjölbreyttir og einnig hvað myndirnar eru úr öllum áttum og fjölbreyttar því hugmyndir og útfærslur eru ótakmarkaðar.



Enn er tækifæri fyrir þá listamenn sem hafa áhuga á að vera með í List í héraði að skrá sig. atholl@simnet.is eða arnylara@hvolsvollur.is.

Skráning er opin til 22. september.

Menningarráð

Suðurlands



Afmæli

Laugardaginn 13. september nk. verður þessi nýendurheimti dáðadrengur Selfoss hvorki meira né minna en fertugur. Karlinn verður heima í Háengi 3 með heitt á könnunni á milli kl. 14 og 18 fyrir þá sem vilja líta inn og kyssa afmælisbarnið.



Hundaganga á Selfossi

Nú er vetrarstífi hjá Taumi hagsmunafélagi hund-eigenda í Árborg og nágrenni að fara af stað. Fyrsta ganga vetrarins verður laugardaginn 13. september nk. Fólk og hundar munu hittast á planinu við Jötun en lagt verður af stað kl. 11:00. Gengið verður Langholt, Tryggvagata og Austur-

vegur, með nokkrum stoppum á leiðinni. Fólk er beðið að muna eftir að taka með kúkapoka og góða skapið og að klæða sig eftir veðri. Öllu göngufólki verður boðið í kaffispjall eftir göngu. Allir hundar eru velkomnir. Hægt er að fylgjast með fréttum á Facebook-síðu félagsins.




Leikfélag Selfoss

heldur opinn haustfund þann 17. september kl. 20:00 í Litla leikhúsinu við Sigtún.

Þar verður farið yfir dagskrá vetrarins í leikhúsinu. Það er af mörgu að taka svo við hvetjum alla til að mæta á fund og sjá hvað framundan er. Að sjálfsögðu verður kaffi á könnunni og léttur andi svífur yfir salnum. Allir velkomnir.

Fyrsta hraðhleðslustöðin á Suðurlandi komin



Í samstarfi við Olís

Orka náttúrunnar stendur fyrir átaki í rafbílavæðingu á Íslandi. Til að auðvelda rafbílaeigendum að sinna erindum sínum á vistvænan og hagkvæman hátt hefur ON opnað átta hraðhleðslustöðvar á völdum stöðum, auk þess sem tvær til viðbótar eru í bígerð.

Í samstarfi við Olís höfum við opnað áttundu hraðhleðslustöðina á Selfossi - þá fyrstu á Suðurlandi. Nú er hægt að hlaða bílinn meðan stoppað er til að matast eða ná í vistir í ferðalagið því ekki tekur nema 20 mínútur að hlaða dæmigerðan rafbíl upp í 80%.

Kynntu þér hraðhleðslustöðvarnar og staðsetningar þeirra á www.on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

Fríða Hansen með tónleika í Heklusetrinu á Leirubakka

Þau Fríða Hansen og Stefán Þorleifsson munu halda tónleika í Heklusetrinu á Leirubakka í Landsveit í kvöld, fimmtudagskvöldið 11. september. Tónleikarnir hefjast kl. 20:30. Boðið verður upp á kaffiveitingar á staðnum eða aðrar veitingar eftir óskum gesta. Á dagskránni verða bæði íslensk og erlend lög, auk þess sem Fríða mun einnig flytja frumsamda tónlist sem hún hefur útsett í samvinnu við Stefán.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Tafir á umferð á Þjóðvegum nr. 30 og 32


Óhjákvæmilegar tafir geta orðið á umferð á Þjóðvegi nr. 32, Þjórsárdalsvegi, **fimmtudaginn 11. september** vegna fjárrekstra, (frá Búrfellsvirkjun að Fossnesi).

Föstudaginn 12. september verða bæði tafir á vegi nr. 30, Skeiðavegi, og nr. 32, Þjórsárdalsvegi, af sömu ástæðu, frá Fossnesi, kl. 07:30 að Reykjarréttum, (hægt er þó að sæta lagi meðan áð er og aka hjáleidir að hluta.)

Laugardaginn 13. september geta einnig orðið tafir vegna fjárrekstra á vegi nr. 30, Skeiðavegi, frá kl. 13:00 og eitthvað fram eftir degi.

Nánari upplýsingar verða á heimasíðu sveitarfélagsins. <http://www.skeidgnup.is> - Fylgist með þar.

Afréttarmálanefnd Gnúpverja og Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða.



Róbert Róbertsson á skrifstofunni hjá Vörubílstjórafélaginu Mjólni.

Saga Vörubílstjórafélagsins Mjöltnis skráð

Vörubílstjórafélagið Mjólnir sem stofnað var 1941 hefur ákveðið að ráðast í það verkefni að skrifa sögu félagsins og hefur Anna Rósa Róbertsdóttir verið fengin til þess verks. Anna Rósa sagði að fáir væru orðnir eftir sem myndu söguna og því vildi félagið nota tækifærið og skrifa söguna meðan þeir væru enn á lífi til þess að sagan gleymist ekki.

„Við erum að leita eftir efni frá eldri félagsmönnum eða ættingjum látinna félagsmanna, sérstaklega myndum af vörubílum eða öðrum tækjum sem hafa verið notuð í einhver verk. Svo erum við líka að leita eftir skemmtilegum sögum, einhverjum góðum minningum og fleira sem væri gaman að heyra um.“

Við óskum eftir því að allir sem hafa eitthvað í sínum höndum komi með þetta efni á skrifstofuna í Hrísmýri 1 á Sel-fossi,“ sagði Anna Rósa.

Niræður á skrifstofunni frá átta til fjögur

Róbert Róbertsson sem verður niræður eftir nokkra mánuði hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra félagsins síðastliðin 20 ár. „Ég gekk í þetta félag 1953 og hef verið í því síðan. Ég var lengi vel bílstjóri hér, í fjórutíu ár. Ég var búinn að vera gjaldkeri félagsins mjög oft, ég hef ekki tölu á því, en hef verið gjaldkeri og framkvæmdastjóri félagsins síðastliðin 20 ár eða frá því að ég fór á eftirlaun 1992. Ég hef starfað við allt hjá félaginu nema að ég hef ekki verið ritari. Í dag er ég á skrifstofunni frá átta til fjögur. Ég geri upp útboð og reikna út hlut hvers og eins og ýmislegt fleira,“ sagði Róbert. Þess má geta að Róbert notar engar tölvur við vinnu sína, bara blýant.

„Ég keypti mér Austin bíl 1948. Mitt starf þá var yfirleitt í áburðarflutningi ásamt vegavinnu og öðru. Svo var ég við bústörf í sveitinni á veturna á Brún á nýbýli sem ég bjó til.“

Bílar hafa breyst mikið á þessum árum. Það var mjög þröngt í Austin bílnum sem ég var með. Ég keypti mér síðan fimm nýja Volvo bíla. Það var bara ekki annað í boði þá,“ sagði Róbert.

Bjóðum saman í verk

Helgi Sigurðsson, formaður Vörubílstjórafélagsins Mjöltnis, sagði að félagið hefði upphaflega verið stofnað í kringum

kannski of stór fyrir einstaklinga en er mjög gott að vinna í samstarfi.

Félagið er rekið á sjálfstæðri kennitölu og sú kennitala tekur að sér verk og deilir þeim út. Félagið er orðið 73 ára og er sennilega eitt elsta starfandi fyrirtæki í svona rekstri í dag.

„Við höfum tekið að okkur fjölmörg verk fyrir opinbera aðila og einstaklinga og átt samstarf við fjöldann allan af undir-



Gamli Austin billinn sem Róbert Róbertsson ók hér á árum áður.

einstaklingsrekstur í vörubílaútgærd og að það hafi verið nátengt verkalýðsfélögunum lengi vel. Síðan á seinni tímum hefði félagið verið samtök margra einstaklinga sem allir gera út bæði bíla og vélar og hafa myndað samtök til að bjóða saman í verkefni sem eru

verktökum. Og verið undirverktakar sjálfir líka, bæði undirverktakar og aðalverktakar sitt á hvað. Þetta er í raun og veru eins og hvert annað fyrirtæki. Þetta hefur aldrei lent í neinum skakkaföllum, hefur alltaf verið rekið á sömu kennitölunni,“ sagði Helgi.



Helgi Sigurðsson, formaður Vörubílstjórafélagsins Mjöltnis og Anna Rósa Róbertsdóttir, söguritari.



FRÓN
helstasti höllistari- & natúrkúbbur á Íslandi

BALLANTINE'S BRAZILVEISLA

13 SEPTEMBER KL. 23:00

100 FYRSTU FÁ LJÚFFENGAN
BALLANTINE'S BRAZIL DRYKK.

BALLANTINE'S BRAZIL
VERÐUR Á MASSA GÓÐU VERÐII

HINN OFURSVALI SETH SHARP
SPILAR Í FYRSTA SINN Á FRÓN!

- ÞÚ VILT EKKI MISSA
AF ÞESSU KVÖLDII





Auglýsing

Um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Byggðarhorns

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Byggðarhorns, Sveitarfélaginu Árborg. Um er að ræða breytingu sem felur í sér að á lóð nr. 38 sem er 7,9 ha að stærð er heimiluð blönduð athafna-, verslunar- og þjónustustarfsemi, s.s. þjónusta við bifreiðar og landbúnaðarvélar, þar með talin svokölluð bílapartasala. Breytingin er í samræmi við breytt aðalskipulag bugarðabyggðarinnar í Byggðarhorni. Einnig eru byggingarreitir á lóðum í bugarðabyggðinni stækkaðir þannig að lóðarhafar fái aukið svigrúm til staðsetningar mannvirkja innan lóða.

Teikningar ásamt greinagerð vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með 4. september 2014 til og með 17. október 2014.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 17. október 2014 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar <http://www.arborg.is> þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið skipulag@arborg.is.

Virðingarfyllst,

Bárður Guðmundsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Árborg.

Heima er best

Kjarval

12% afsláttur

Holta kjúklingabitar, magnpakning

698 kr. kg
verð áður 998

16% afsláttur

SS piparkryddað folaldafille

2498 kr. kg
verð áður 2998

498 kr. pk.

10% afsláttur

Daloon rúllur, 3 tegundir, 600 g

698 kr. pk.
verð áður 779

20% afsláttur

Bykkvabæjar kartöflugratin m/beikoni, 600 g

549 kr. pk.
verð áður 449

369 kr. stk.

349 kr. pk.

269 kr. stk.

15% afsláttur

GM Cheerios, 340 g

415 kr. pk.
verð áður 489

598 kr. pk.

998 kr. kassinn

16% afsláttur

Doritos JALKEO, 165 g

249 kr. pk.
verð áður 298

26% afsláttur

Allra eyrnappinnar, 500 stk.

199 kr. pk.
verð áður 269

Sjá opnunartíma á www.kjarval.is
Klaustur // Vík // Hvolsvöllur // Hella // Þorlákshöfn // Vestmannaeyjar

Ljósritun og gormun

prentmet
Suðurlands
HRAÐÞJÓNUSTA
Eyraavegi 25, Selfossi - Sími 482 1944
selfoss@prentmet.is



Septembertónleikar í Selfoskirkju

Á sunnudaginn nk., 14. september kl. 20.00, hefjast aðrir orgeltónleikar á árlegum Septembertónleikum kirkjunnar. Douglas Brochie, fv. organisti Háteigskirkju leikur verk eftir Georg Böhm, Benjamin Britten og Jónas Tómasson.

Aðgangur er ókeypis. Eftir tónleika verður boðið upp á kaffi og meðlæti í safnaðarheimili Selfoskirkju.

Leiðrétting

Í síðustu Dagskrá var sagt frá nýju starfsári Lionsklúbbs Hveragerðis. Þar misritaðist dagsetning hausttónleika sem haldnir verða í Hveragerðis-kirkju. Rétt dagsetning er 5. nóvember. Er beðist velvirðingar á þessu.

100% starf á Selfossi – næturvaktir

Óskum eftir starfsfólki í fullt starf á næturvaktir hjá Olís, Selfossi.

Um störfina og hæfni

Störfin fela í sér almenna afgreiðslu, áfyllingar vöru, vörumóttöku, þrif, þjónustu við viðskiptavini og annað tilfallandi. Unnið er á tvískiptum 12 tíma vöktum.

Áhersla er lögð á ríka þjónustulund, stundvísi, snyrtimennsku og hæfni í mannlegum samskiptum.

Skilyrði er að umsækjendur hafi hreint sakavottorð og séu reyklausir.

Nánari upplýsingar fást hjá verslunarstjóra á staðnum eða í síma 840 1749.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda í tölvupósti á netfangið selfossben@olis.is, fyrir 17. september nk.

Einnig er hægt að sækja um á www.olis.is.

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Olíuverzlun Íslands hf.



SASS auglýsir eftir umsóknum um styrki til eflingar atvinnulífs og nýsköpunar á Suðurlandi

Til úthlutunar eru 45 milljónir króna

Umsóknarfrestur er til og með 22. september

Eftirfarandi forsendur og áherslur verða lagðar til grundvallar við mat á umsóknum 2014:

- Vöruþróun og nýsköpun til dæmis í matvælaíðnaði og ferðaþjónustu
- Vöruþróun og markaðssetning ferðaþjónustu utan háannar
- Markaðssókn fyrir vörur og þjónustu á nýja markaði
- Fjármögnun verkefnastjórnunar í stærri rannsóknar- og þróunarverkefnum á Suðurlandi
- Klasar og uppbygging þeirra
- Tímabundin ráðning starfsmanna með sérþekkingu til að hagnýta möguleika fyrirtækis til vaxtar

Ofangreindar áherslur eru ekki skilyrði fyrir styrkveitingu.

Verkefni þar sem fyrirtæki og stofnanir vinna saman að rannsóknum, þróun og fræðslu njóta forgangs.

Mótframlag verkefnis þarf að vera að lágmarki 50% en mótframlag getur verið í formi vinnuframlags. Ekki er veittur styrkur til fjárfestinga. Þegar áfallinn kostnaður er ekki styrkhæfur. Horft er til þess að verkefni leiði til varanlegs ábata fyrir samfélagið og séu atvinnuskapandi til lengri tíma.

Stuðningur SASS við styrkþega, frumkvöðla og einstök verkefni, getur einnig falið í sér tímabundna vinnuáðstöðu hjá SASS og/eða beina aðstoð ráðgjafa við verkefnið. Styrkveitingar til eflingar atvinnulífs og nýsköpunar eru fjármagnaðar með samningi um framlög til byggðapróunar á Suðurlandi árið 2014 og með fjármagni frá SASS.

Umsækjendur eru hvattir til að hafa samband við ráðgjafa SASS og þiggja aðstoð og leiðbeiningar við gerð umsókna. Hægt er að hafa samband í síma 480 8200 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið sass@sudurland.is.

Allar umsóknir þurfa að berast rafrænt í gegnum vefinn sudurland.is.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Suðurlandi, samstarfs- og þjónustuvettvangur um hagsmunamál sveitarfélaga, íbúa og atvinnulífs á Suðurlandi.

SASS - Selfoss
Austurvegur 56
480 8200

SASS - Hvolsvöllur
Ormsvöllur 1
480 8200

SASS - Vestmannaeyjar
Þekkingarsetur VE
480 8200

SASS - Höfn
Nýheimar
480 8200



Sigurveggar Fischer mótsins í fyrra. Frá vinstri: Helgi Ólafsson, Vignir Vatnar Stefánsson og Gunnar Freyr Rúnarsson.

Hraðskákmót í Fischer setri og Norðurlandamót barnaskóla í Hótel Selfossi

Laugardaginn 13. september nk. verður haldið hraðskákmót í Fischer setri, Austurvegi 21, Selfossi. Hraðskákmótið byrjar kl. 19:30 og má gera ráð fyrir því að því ljúki um 21:30. Skákmótið er opið öllum,

ungum jafnt sem öldnum. Þeir sem vilja taka þátt eru vinsamlegast beðnir að mæta eigi síðar en 17:15.

Helgina 12.-14. september verður Norðurlandamót barnaskóla taflfélaga haldið í Hótel Selfossi. Sex skólar eru skráðir til leiks, þar af tveir frá Íslandi, Álfrólsskóli og Rimaskóli.

Hinir skólarnir eru Skolen på Nylandsvej (Danmörku), Komeetan koulu (Finnlandi), Korsvoll skole (Noregi) og Hökásensskolan (Svíþjóð).



Mynd tekin af keppendum á Fischer móti í fyrra.

12 sporin – Andlegt ferðalag að hefjast aftur í Selfosskirkju

Undanfarna vetur hafa áhugasamir einstaklingar sem kalla sig *Vínir í bata* staðið fyrir sjálfstærkingarþróunum í Selfosskirkju, byggðu á; 12 sporin – Andlegt ferðalag, og er öllum opið. Um er að ræða 30 vikna þróunarskipti sem er unnið í lokuðum hópum og er mæting einu sinni í viku.

Opnir kynningarfundir verða 17. september, 24. september, 1. október og 8. október kl. 20:00. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér um hvað þetta starf snýst eru velkomnir á þessa fjóra kynningarfundir. Í framhaldi af þeim hefst svo vinna í lokuðum hópum. Tólf spora vinna hentar öllum þeim sem í einlægni vilja vinna með tilfinningar sínar og öðlast betri líðan og lífsfyllingu þar sem leitað er styrks í kristinni trú. Selfosskirkja býður þátttakendum upp á þetta starf þeim að kostnaðarlausu, utan þess að þátttakendur þurfa að kaupa vinnubókina *12 sporin - Andlegt ferðalag* sem verður til sölu í Bókakaffinu á Selfossi.

Skóflustunga að nýrri viðbyggingu við Lund

Fimmtudaginn 11. september nk. kl. 16. verður skrifað undir samning milli ríkisins og sveitarfélaganna Rangárþings ytra og Ásahrepps vegna fjármögnunar viðbyggingar við Hjúkrunarheimilið Lund á Hellu. Við þessi merku tímamót verður fyrsta skóflustunga tekin að viðbyggingunni og boðið verður uppá kaffi á eftir. Stjórn Lundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis, býður alla velunnara velkomna að vera viðstaddir.

Glímu- og skákæfingar strax að loknum skóladegi

Nú er haustið gengið í garð og vetrarstarf ungmenntafélaganna í Flóahreppi að hefjast.

Sú nýbreytni verður í ár að glímu- og skákæfingar verða færðar til og eru nú á dagskrá strax eftir að skóladegi lýkur. Með því er verið að reyna

að koma til móts við foreldra og minnka akstur um eina ferð. -ög



Sigrún Jónsdóttir sveitarlistamaður Rangárþings eystra

Sigrún Jónsdóttir hefur verið valin sveitarlistamaður Rangárþings eystra árið 2014. Sigrún býr á Ásvelli í Fljótshlíð og er kennari í Hvolsskóla.

Í umsögn menningarnefndar segir: Sigrún er listamaður með mikil séreinkenni og eru listaverk hennar vel þekktanleg. Málverk hennar eru einstaklega

falleg og fangar áhorfandann í einu og öllu. Sigrún hefur einnig verið dugleg við að aðstoða einstaklinga og félagsamtök með listsköpun sinni, til að mynda teiknaði Sigrún sviðsmyndina í leikritinu Anna frá Stóru Borg sem leikfélag Austur-Eyfellinga setti upp í vetur. Höfðu margir það á orði hve einstaklega falleg sú sviðsmynd væri.



Sigrún Jónsdóttir sveitarlistamaður Rangárþings eystra tekur við viðurkenningu.

Skólinn kominn á fullt

Assa Ágústsdóttir frá Hvolsvelli er á félagsfræðibraut í FSu og er hálfnuð með námið.

Hvernig er að vera byrjuð aftur í skólanum? „Þetta eru mikil viðbrigði. Það er svo miklu öðruvísi að vakna í vinnu en að vakna í skóla. Maður var rosalega þreyttur í byrjun. Annars fer þetta bara vel af stað. Mér líst rosalega vel á þetta.“

Hvernig er félagslífið í FSu? „Það er bara fint. Ég bý reyndar á Hvolsvelli og missi svolítið af, er alltaf farin heim. En annars er það bara gott af því sem ég hef náð. Svo er ég í fótbolta með 2. flokki á Selfossi og æfi sex daga vikunnar.“

Ertu eitthvað búin að plana hvað þú ætlar að gera þegar þú ert búin með FSu? Nei, ég er mjög óviss, en mér gæti dottið ýmislegt í hug, gæti langað í leiklist og svolítið í Lögreglu-skólann. Ég veit ekki alveg af hverju en maður hugsar örugglega allt öðru vísi eftir tvö ár. Það er aldrei að vita. Ég væri líka til í að fara í háskóla úti með fótboltanum.“



Assa Ágústsdóttir frá Hvolsvelli er á 3. ári í FSu.

Jónas Rafn Ölvisson frá Flúðum er á félagsfræðibraut á 4. ári í FSu og stefnir á að klára í vor.

Hvernig er að vera byrjaður í skólanum? „Það er bara fint. Það er samt betra að vera að vinna, skemmtilegra. Ég var að vinna í múrverki í bænum. Það er samt alltaf einhver plús við skólann.“

Hvað gerirðu helst fyrir utan skólann? „Ég spila körfubolta með Hrunamönnum og hjálfa litlu strákana þar. Hrunamenn tóku sér pásu í tvö ár en spila nú aftur í 2. deildinni.“

Hvernig finnst þér félagslífið í FSu? „Bara fint. Ég tek samt ekki mikið þátt í því. Það er nóg að gera í körfunni.“

Veistu hver stefnan verður eftir það? „Nei, ekkert ákveðið. Það kemur bara að því.“



Jónas Rafn Ölvisson frá Flúðum er á fjórða ári í FSu.

Nónsöngur tvisvar í mánuði

Nónsöngur hefst mánu- daginn 15. september í salnum í Grænumörk á Selfossi kl. 16:16 og verður framvegis 1. og 3. mánudag hvers mánaðar eins og í fyrra.

Einradda söngur, s.s. Út um græna grundu, Réttar- samba og einstaka sinnum keðjusöngvar. Söngstjóri er Ingi Heiðmar Jónsson. Allir eru velkomnir. Nónsöngur fram að jólum verður mánudagana 15. sept, 6. okt, 20. okt, 3. nóv, 17. nóv, 1. des og 15. des.



Félag eldri borgara Selfossi

Félagsvist

Fyrsta félagsvistin verður spiluð í Grænumörk þriðju- daginn 16. september.

Spilanevndin

Leshópur fornþókmennta

Lestur fornsagna hefst mánud. 29. sept. kl. 9:30. Í vetur lesum við Orkneyinga- sögu. Í fyrsta tíma verður gerð grein fyrir því hvar hægt er að nálgast nýjustu útgáfu sög- unnar. Mætið vel og stund- víslega. *Gísli Magnússon.*

Störf við ræstingar!

Hreint ehf óskar eftir að ráða starfsmenn til dagræstinga á Selfossi

Við leitum að jákvæðum, vandvirkum og samviskusömum einstaklingum, 18 ára eða eldri í dagræstingar. Starfsmaður þarf að tala íslensku eða ensku og geta hafið störf sem fyrst.

Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu.

Nánari upplýsingar:

Greta (s: 822 1855, Selfossi)

Einnig er hægt að sækja um stöfin á heimasíðu Hreint ehf., www.hreint.is



Hreint
RÆSTING
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

- Reykjavík
- Akureyri
- Selfoss
- Akranes
- Hveragerði



prentmet
Suðurlands
HRAÐBJÓNUSTA
Eyravegi 25, Selfossi

Ljósritun - Gormun

Taktu þitt næsta skref með Canon



Canon PowerShot SX600
Verð: 39.900 kr.



Hágæða myndir og vídeó.
18x aðdráttarlinsa. Ótrúlega nett
Wi-Fi og NFC fyrir snjalltækin.

Canon PIXMA MG4250
Verð: 15.900 kr.



Nettur fjölnota prentari með
Wi-Fi Prentun, ljósritun og skönnun.
2 hylkja FINE prentun.

Canon PIXMA MG5550
Verð: 21.900 kr.



Háþróaður fjölnota prentari
með Wi-Fi.Prentun, ljósritun og skönnun.
Sparaðu pappír með prentun báðum megin.

Canon EOS 1200D, EF-S 18-55 IS linsa
Verð: 89.900 kr.



3 klst. námskeið og kennslubók
fylgir. 18 megapixla myndflaga.
Full HD vídeó og ISO 6400 (12800).

Fyrsta hraðhleðslustöðin á Suðurlandi opnuð

Ökumenn rafbíla geta nú hlaðið bilinn á nýrri hraðhleðslustöð sem Orka náttúrunnar (ON) hefur sett upp í samstarfi við Olís á Selfossi. Þetta er áttunda stöðin af tíu sem ON mun halda úti á Suður- og Vesturlandi. Fyrir eru stöðvar við höfuðstöðvar ON að Bæjarhálsi 1, við bifreiðumboð BL við Sævarhöfða, við Smáralind, við Skeljung á Miklubraut, á Fitjum í Reykjanesbæ, við IKEA í Garðabæ og í Borgarnesi.

Nýr valkostur í Grænu skrefum Olís

Í nóvember 2010 sagði Einar Benediktsson þáverandi forstjóri Olís í viðtali í Morgunblaðinu að Olís stefndi á fjörlorkustöðvar í framtíðinni. Jón Halldórsson forstjóri Olís segir að opnun hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíl sé liður í stefnu félagsins að auka aðgengi viðskiptavina að umhverfisvænum og endurnýjanlegum orkugjöfum.

Olís rekur nú tvær metan-afgreiðslur í Reykjavík og opnar í samstarfi við Norðurorku á Akureyri á næstu vikum. Snemma árs 2013 kynnti félagið, fyrst íslenskra olíufyrirtækja, díselolíu blandaða með VLO, eða vetnismedhöndlaðri lífrænni olíu, sem er hreinna og umhverfisvænna diseleldsneyti en þekkt hefur. Allt er þetta liður í umhverfisstefnu félagsins en það hefur um árabil unnið skipulega að umhverfis- og uppgræðslumálum hér á landi.



Frá opnuninni á Selfossi: Frá vinstri: Guðmundur Ármann, rafbílaeigandi, Sigurður K. Pálsson, markaðsstjóri Olís, Ásdís Gíslason, markaðsstjóri ON, Jón Halldórsson, forstjóri Olís og Brynjar Stefánsson, forstöðumaður sölu- og markaðsmála ON.

Tíu nýir rafbílur á mánuði

Frá áramótum hafa tíu rafbílur bæst við bílaflota Íslendinga mánaðarlega. Fjölbreytt framboð rafbíla hefur aukist verulega síðustu mánuði. Hjá Norðmönnum er nú 21 rafbílategund á markaði. Próunin er svipuð hér á landi.

Rekstur rafbíla sparar peninga og minnkar útblástur. Á vef Orkuseturs er að finna reiknivél sem ber orkukostnað rafbíla saman við orkukostnað annarra bifreiða. Reiknivélin segir jafnframt til um hverju munar í útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Flestir rafbílaeigendur hlaða bíla sína heima hjá sér eða á vinnustað sínum. Til að stuðla að öruggum frágangi hleðslubúnaðar hefur Mannvirkja-

stofnun gefið út fræðslurit um hleðslu rafbíla og raflagnir.

Hraðhleðsluverkefni ON er unnið í samstarfi við BL ehf. og Nissan Europe, sem lögðu hleðslustöðvarnar endurgjaldslaut til verkefnisins. Orka náttúrunnar sér um uppsetningu þeirra og rekstur.

Um Orku náttúrunnar ohf.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til heimila og fyrirtækja um allt land og rekur fjórar virkjanir; jarðvarma-virkjanirnar á Hellisheiði og Nesjavöllum og vatnsaflsvirkjanirnar í Andakilsá og Elliðaám. Auk rafmagnsframleiðslu framleiða jarðvarmavirkjanirnar heitt vatn fyrir hitaveituna. Orka náttúrunnar er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur.

Samningur um geðheilbrigðisþjónustu milli HSu og HNLFÍ

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur gert samstarfssamning við Heilsustofnun HNLFÍ í Hveragerði um geðheilbrigðisþjónustu. Tíu pláss á HNLFÍ verða helguð þessari þjónustu frá og með 1. september 2014. Einungis verður tekið við dvalargestum með beiðni frá heimilislæknum á Suðurlandi og verður þá við komu gert geðmat, greining og áætlun um meðferð hjá sérstöku stuðningsteymi sem samanstendur af geðlækni, hjúkrunarfræðingi og sjúkralíða. Dvöl við fyrsta mat yrði ein vika en lengsta dvöl með meðferð yrði 12 vikur. Við útskrift yrðu síðan gerð plön um endurkomu, ef þörf reynist. Reynt verður að hafa bið eftir fyrstu dvöl ekki lengur en 3 vikur frá því að beiðni heimilislæknis væri gerð. Ekki yrði tekið við sjúklingum í geðrofi, með örlæti eða þar sem nokkur hættu væri á ofbeldi, sjálfsmeiðingum eða sjálfsvíg. Sjúklingum með slík vandamál

mun verða sinnt þegar meðferð við því verður lokið annarsstaðar og þeir þurfa á framhaldsmeðferð og endurhæfingu að halda. Sjúklingar verða að vera sjálfbjarga og viljugir að vinna í sínum málum með meðferðarteyminu. Dvalargestir þurfa sjálfir að standa undir kostnaði við mat og gistingu en Sjúkratryggingar Íslands greiða meðferðina.

Með þessum samningi verður reynt að bæta þjónustu við einstaklinga með geðræna sjúkdóma sem búsettir eru á Suðurlandi. Tilgangurinn er að samhæfa þjónustuna við sjúklingana, bæta verk- og þjónustuferla og innleiða hreyfiseðla í þjónustuna.

Í október verður haldinn Gæðadagur á Suðurlandi með geðheilbrigðismál í forgrunni. Gæðadagurinn verður kynntur sérstaklega þegar nær dregur.



Heilsustofnun HNLFÍ í Hveragerði. Ljósmynd: HNLFÍ.

Hættum notkun innkaupapoka úr plasti í Árborg!

Eitt af þeim málefnum sem Samfylkingin setti á oddinn fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sl. vor, var að unnið yrði markvisst að því að draga úr notkun innkaupapoka úr plasti í Árborg. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar lögðu því fram eftirfarandi tillögu á bæjarstjórnarfundum þann 20. ágúst sl.:

„Undirritaðar leggja til að Sveitarfélagið Árborg vinni markvisst að því að sporna við notkun innkaupapoka úr plasti í sveitarfélaginu. Lagt er til að farið verði í samstillt átak með íbúum og verslunareigendum, markvisst kynningarátak ásamt samráði og samstarfi við alla hagsmunaaðila. Hvatt verði til að verslunareigendur auki framboð á fjölnota pokum og umhverfisvænum ruslapokum sem leysast hratt upp í náttúrunni. Einnig er lagt til að Sv. Árborg taki beinan þátt í verkefninu með afhendingu fjölnota poka á öll heimili í sveitarfélaginu.“

Tillagan var samþykkt samhljóða og henni vísað til frekari útfærslu í framkvæmda- og veitustjórn.

Plastpokar ógna öllu lífríki

Plastpokar brotna ekki niður lífrænt, heldur molna á



Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Árborg.

hundruðum ára í smærri einingur sem að endingu verða að svokölluðu plastrykki. Plastrykkið endar í sjónum og blandast loks við fæðu fugla og fiska og mengar þannig alla fæðukeðjuna og vistkerfið. Plastpokar sem velkjast á landi og sjó stofna dýralífi í hættu en plastrusl hefur einnig verulegan kostnað í för með sér. Áætlað er t.d. að kostnaður útgerða í Skotlandi vegna plasts, sem flækist í veiðarfæri, skráfur, vatnsinntök o.fl., samsvari um 5% af tekjum útgerðarfyrirtækjanna.

Þegar hafa nokkur ríki náð umtalsverðum árangri í að draga úr plastpöknotkun. Í dag nota t.d. Danir og Finnar að meðaltali 4 poka á ári á meðan Íslendingar nota um 218 poka. Um 70 milljón burðarpokar úr plasti enda í ruslinu hér á landi, mögulega um 1.120 tonn af plasti en til þess að framleiða slíkt magn þarf um 2.240 tonn af olíu. Evrópuþingið hefur lagt til að bannað verði að gefa

plastpoka í verslunum og dregið verði úr notkun um 50% fyrir árið 2017 og 80% fyrir árið 2019. Eftir árið 2019 verði aðeins pokar úr endurnýttum pappír eða niðurbrotanlegum efnum í umferð.

Við getum öll lagt af mörkum

Nokkur sveitarfélög á Íslandi eru þegar komin í gang með átaksverkefni til þess að sporna við notkun innkaupapoka úr plasti eins og t.d. Hafnarfjörður, Garðabær og Stykkishólmsbær.

Við berum öll ábyrgð á að umgangast náttúruna af virðingu. Hvert einasta litla skref sem við stígum sem einstaklingar í átt að betri umgengni við náttúruna skiptir máli. Það er ánægjulegt að sjá að sífellt fleiri bæjarbúar nýta sér fjölnota poka við innkaup og sumar verslanir bjóða þegar upp á poka úr endurnýttum pappír. En við þurfum að gera enn betur!

Undirrituð hvetur bæjarbúa til að taka virkan þátt í þessu átaki sem er hugsað sem framlag bæjarins til þeirrar umhverfisvakningar sem er í gangi varðandi skaðsemi plasts.

Rafmagnsbíll er raunhæfur kostur

„Mig hafði lengi langað til að eignast rafmagnsbíl þegar við keyptum okkur einn slíkan í fyrra. Við sjáum sko ekki eftir þeirri ákvörðun. Eftir að hafa kynnt mér rafbíl vel og vandlega sá ég að þeir voru raunhæfur kostur fyrir okkur. Það að hraðhleðslustöðvar yrðu settar upp hér og þar tryggði svo að ég gæti farið allra ferða minna án nokkurra vandræða,“ segir Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima. Hann býr á Sólheimum en ekur reglulega til höfuðborgarsvæðisins vegna vinnu sinnar. Ný hraðhleðslustöð ON á Selfossi mun létta honum lífið enn frekar. Stöðin er sett upp í samstarfi við Olís á bensinstöð þeirra við Arnberg. Hingað til hefur Guðmundur nýtt sér þær stöðvar sem ON hefur komið upp víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Stöðin á Selfossi er sú áttunda sem sett er upp.

„Uppsetning hraðhleðslustöðvanna er lykilatriði í því að hraða rafbílavæðingu á Íslandi, sem er það eina rétta fyrir



Guðmundur Ármann Pétursson fyllir á rafmagnsbíl sinn á hraðhleðslustöð ON á Selfossi.

Íslendinga, enda í senn rétt með tilliti til umhverfis-sjónarmiða og peningalegs sparnaðar samfélagsins,“ segir Guðmundur. „Á næstu árum munu fleiri bílaframleiðendur án efa bjóða upp á rafbíl á stöðugt fleiri stærðarflokkum. Auk þess mun drægni rafbíla aukast hratt á komandi árum. Að kaupa sér rafbíl er eitt það viturlegasta sem hægt er að gera ef fólk vill spara sér peninga.“

Skólinn kominn á fullt

Svala Guðmundardóttir frá Hellu er á málabraut í FSu og útskrifast í vor.

Hvernig er að vera byrjuð í skólanum núna? „Bara mjög fint. Mér finnst alltaf gaman að byrja aftur eftir frí. Bara góður fiðringur sem fylgir því.“

Hvað gerirðu fyrir utan skóla? „Ég vinn á Kirkjuhvoli á Hvolsvelli. Svo er ég bara í ræktinni á Hellu en er ekki að æfa neitt sérstakt.“

Hvernig finnst þér félagslífið í FSu?

„Mér finnst það mjög gott. FSu hefur alltaf verið þekktur skóli fyrir félagslífið. Það var busaball fyrir stuttu og svo er alltaf eitthvað að gerast í hverri viku.“

Ertu eitthvað búin að pæla í hvað tekur við eftir FSu? „Já, ég stefni á Háskólann á Akureyri í sálfræði.“



Svala Guðmundardóttir frá Hellu útskrifast af málabraut í FSu í vor.

Björgvin Viðar Jónsson frá Dalbæ í Hrunamannahreppi er á náttúrufræðibraut í FSu á 3. ári.

Hvernig er að vera byrjaður í skólanum aftur? „Það er bara viðbjóður. Nei annars, þetta er ágætt þó ég myndi frekar vilja vera að vinna en að húka hér.“

Það er samt einhver tilgangur, er það ekki? „Jú þetta skilar sér örugglega einhvern tíma.“

Hvað gerirðu fyrir utan skóla? „Ég reyni að ríða eitthvað út og svo er ég í körfubolta með Hrunamönnum á Flúðum.“

Hvernig finnst þér félagslífið í FSu vera? „Það er bara nokkuð gott, mikið um að vera og nóg að gera fyrir hvern og einn.“

Ertu eitthvað búinn að spá í hvert þú stefnir þegar FSu lýkur? „Örugglega í búfræði eða dýralæknánám.“



Björgvin Viðar Jónsson frá Dalbæ í Hrunamannahreppi er á 3. ári í FSu.

Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Selfoss - 23. september

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Selfossi við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmíðuð eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.



Heyrnartækni

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu

Sími 568 6880

Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is

Kynningarfundur Power talk 15. september

Power talk deild Jóru á Selfossi hefur starfað frá árinu 1992 og hafa tugir manna hlotið þjálfun hjá deildinni í árangursríkum samskiptum og ræðumennsku. Þar býðst fólki gott tækifæri til að auka sjálfsþroska, samskiptahæfileika, hæfni sína sem áheyrandi og ræðumaður, kynnast nýju fólki og margt fleira.

Í tilkynningu frá deildinni segir að ef þú vilt geta sagt skoðun þína og flytja mál þitt þannig

að hlustað sé á þig, aukið þor þitt og áræðni og lært ræðutækni, framkomu, skipulagningu og fundarsköp, sé hægt að læra það hjá Power talk. Kynningarfundur Power talk verður 15. september kl. 20:00 í Selinu, Engjavegi 44, Selfossi. Fólk er hvatt til að líta við, það verður tekið vel á móti því. Upplýsingar um starf Power talk er að finna á heimasíðu samtakanna, www.powertalk.is.



Sársauki er **ekki** eðlilegt ástand

Átt þú rétt á slysabótum?

Vissir þú að ef þú hefur lent í umferðarslysi er líklegt að þú fáið endurgreiddan sjúkrakostnað, fáið greiddar bætur vegna þjáninga, tekjutjóns og miska sem af slysinu leiða, jafnvel þó þú hafir verið í órétti. Ef þú hefur lent í slysi, s.s. umferðarslysi eða vinnuslysi er mikilvægt að þú leitir réttar þíns sem fyrst.

Við erum sérfræðingar í innheimtu slysabóta. Hafðu samband og kannaðu rétt þinn. Það er þér að kostnaðarlausu.

TORT

NR. 1 Í INNHEIMTU SLYSABÓTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - www.tort.is



Íþróttir



FIMLEIKAR - FÓTBOLTI - FRJÁLSAR - HANDBOLTI - JÚDÓ - MÓTOKROSS - SUND - TAEKWONDO

Sex Selfyssingar í landsliðum

Sex leikmenn Pepsideildarliðs Selfoss í knattspyrnu hafa verið valdir í landslið Íslands.

Guðmunda Brynja Óladóttir og Dagný Brynjarsdóttir eru báðar í A-landsliðinu sem lýkur keppni í undankeppni HM með tveimur heimaleikjum í september. Liðið mætir Ísrael 13. september og Serbíu 17. september.

Hvorki fleiri né færri en fjórar stelpur eru í U-19 ára liði Íslands.

Bergrún Linda Björgvinsdóttir, Erna Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Hauksdóttir og Katrín Rúnarsdóttir fara með liðinu til Litháen þar sem liðið leikur í milliriðli EM.



Sætið gulltryggt

Selfyssingar gulltryggðu veru sína í fyrstu deild með góðu stigi á útivelli gegn Haukum fyrir viku.

Að loknum markalausum fyrri hálfleik voru Haukar fyrri til að skora en Þorsteinn Daniel Þorsteinsson jafnaði skömmu síðar fyrir okkar pílta og þar við sat.

Þegar tveimur umferðum er ólokið í 1. deild eru Selfyssingar í 9. sæti deildarinnar með 26 stig. Seinasti heimaleikur Selfyssinga er á laugardag kl. 14:00 þegar strákarnir taka á móti KA á JÁVERK-vellinum. Deildinni lýkur svo í Grindavík laugardaginn 20. september.

Sunnlensku sveitastelpurnar sigruðu

Stelpurnar okkar léku tvo leiki í Pepsi-deildinni í knattspyrnu í seinustu viku.

Fyrst mættu þær nýkrýndum bikarmeisturum Stjörnunnar í annað skipti á fimm dögum. Leikurinn fór fram í Garðabæ og var jafnræði með liðunum. Krístrún Rut Antonsdóttir jafnaði fyrir Selfoss í fyrri hálfleik og var staðan 1-1 í hálfleik. Selfyssingar áttu mörg góð marktækifæri í seinni hálfleik en stórbrotin frammistaða markvarðar Stjörnunnar kom í veg fyrir að okkar stelpur skorðu. Stjarnan laumaði hins vegar inn tveimur mörkum og vann 3-1.

Á mánudag tóku stelpurnar á móti Fylki á JÁVERK-vellinum. Eftir markalausan fyrri hálfleik héldu Selfyssingum engin bönd í seinni hálfleik. Fylkir missti mann af velli í upphafi hálfleiksins og það nýttu heimamenn sér til hins ýtrasta. Krístrún braut ísinn á 59. mínútu áður en Guðmunda Brynja Óladóttir bætti við marki á 65. mínútu. Karítas Tómasdóttir skoraði þriðja mark leiksins tuttugu mínútum fyrir leikslok og í kjölfarið á því missti Fylkir annan leikmann af velli. Það var svo Guðmunda sem rak smíðshöggjó á sigur stelpnanna okkar á lokaandartökum leiksins.



Krístrún Rut skoraði í báðum leikjum Selfoss

Mynd: Umf. Selfoss/Gissur Jónsson

Glæsilegur sigur hjá liði Selfoss en allir leikmenn byrjunarliðsins eru uppdarar í sveitum Suðurlands utan Alexu Gaul sem stendur í markinu. Sannarlega glæsilegur árangur og til marks um að uppbyggingarstarf undanfarinna ár ber ríkulegan ávöxt. Sunnlensk samstaða skilar árangri þar sem byggt er á styrkleikum.

Þegar tvær umferðir eru eftir af deildinni er Selfoss í fimmta sæti með 26 stig. Næsti leikur er á útivelli gegn FH mánudaginn 22. september kl. 17:15. Pepsi-deildinni lýkur svo laugardaginn 27. september þegar Selfoss tekur á móti Val á JÁVERK-vellinum kl. 14:00.



Keppendur á Kastpraut Óla Guðmunds, en keppnisgreinar eru sleggjukast, kringlukast, kúluvarp, spjótast og lóðakast. Mynd: Umf. Selfoss

Kastpraut Óla Guðmunds 2014

Kastpraut Óla Guðmunds fór fram með pompi og prakt á miðvikudaginn 3. september. Fin þátttaka var í þrautinni, tíu karlar og átta konur sem er önnur fjölmennasta þrautin frá upphafi. Hörkukeppni og skemmtilegir tilburðir sáust þetta kvöld þar sem gamanið var í fyrirrúmi.

Í karlaflokki sigraði, þriðja árið í röð, Hilmar Örn Jónsson ÍR á nýju mótsmeti karla í þraut. Hann fékk 3.964 stig og bætti gamla metið, sem hann átti sjálfur, um rúmlega 200 stig. Í öðru sæti varð Jón Bjarni Bragason Breiðabliki með 2.994 stig og í þriðja sæti varð gestgjafinn sjálfur Óli Guðmunds. Selfoss með 2.724 stig.

Í kvennaflokki voru, eins og í karlaflokknum, gamlar kempur í

bland við ungar og upprennandi. Sigurvegari kvenna varð Anna Pálsdóttir Selfoss með 2.406 stig en þetta er í fjórða skipti sem Anna sigrar kastpraut kvenna. Í öðru sæti varð Eyrún Halla Haraldsdóttir Selfoss með 2.313 stig og í þriðja sæti varð Jóhanna Herdís Sævarsdóttir Laugdælum með 1.844 stig. Ekki langt undan í fjórða sæti varð Sigríður Anna Guðjónsdóttir Selfoss með 1.832 stig en hún setti fjögur HSK-met í sínum aldursflokkum öldunga.

Efstu þrír fengu verðlaunapening auk þess fékk sigurvegarinn verðlaunagrip, gefinn af Bros-Gjafaveri og Guðmundi Kr. Jónssyni og Láru Ólafsdóttur. Í lok móts var kaffi og bakkelsi í boði Guðnabakarís á Selfossi. óg

Selfyssingar Íslandsmeistarar í mótókrossi

Lokaumferðir Íslandsmótsins í mótókrossi fóru fram 30. ágúst á Akranesi og 6. september í Bolaöldu.

Á Akranesi voru fimm keppendur mættir frá Umf. Selfoss og voru úrslit þessi: Elmar Darri Vilhelmsson hafnaði í öðru sæti í 85 cc flokki og Sindri Steinn Axelsson endaði fjórði í sama flokki. Gyða Dögg Heiðarsdóttir varð önnur í kvennaflokki, Ólafur Atli Helgason varð þriðji í unglingaflokki yngri og Heiðar Örn Sverrisson sigraði MX-40+ flokkinn.

Í Bolaöldu voru sjö keppendur mættir til leiks frá Umf. Selfoss og voru úrslit okkar fólks eftirfarandi: Gyða Dögg Heiðarsdóttir varð önnur í kvennaflokki, Ásta Petrea Hannesdóttir varð þriðja í 85 cc flokki kvenna og Ólafur Atli Helgason varð þriðji í unglingaflokki yngri. Axel Sigurðsson sigraði MX-B og

sama gerði Heiðar Örn Sverrisson í MX-40+. Að lokum sigraði Elmar Darri Vilhelmsson 85 cc flokk og varð Sindri Steinn Axelsson fjórði í sama flokki ásamt því að Ármann Baldur Bragason endaði fjórði í 85 cc yngri.

Íslandsmótinu er lokið í ár og höfpuðu liðsmenn Umf. Selfoss Íslandsmeistaratitlum í tveimur flokkum. Það voru þeir Elmar Darri Vilhelmsson í 85 cc flokki og Heiðar Örn Sverrisson í MX-40+. Þetta er í fyrsta sinn sem liðsmenn Mótókrossdeildar Umf. Selfoss vinna Íslandsmeistaratitil. Einnig er vert að geta þess að Gyða Dögg Heiðarsdóttir varð önnur til Íslandsmeistarar kvenna og Sindri Steinn Axelsson endaði fjórði í 85 cc flokki.

Elmar Darri og Sindri Steinn hafa báðir komið upp í gegnum yngra starf mótókrossdeildarinnar sem hefur verið



Elmar Darri hjólaði af mikilli festu í allt sumar og tryggði fyrsta Íslandsmeistaratitil Umf. Selfoss.

mjög vaxandi undanfarin ár og eigum við marga efnilega krakka sem gaman verður að horfa til á næstu árum.

Í sumar hafa verið í gangi æfingar fyrir alla krakka sem vilja æfa mótókross en síðasta æfing sumarsins fór fram síðastliðinn fimmtudag. Stjórn mótókrossdeildarinnar vill að lokum þakka öllum velunnurum fyrir sumarið sem hefur verið mjög árangursríkt og mörg verðlaun skilað sér heim á Selfoss.

Æfingar í taekwondo 2014-2015

Æfingar í taekwondo eru komnar á fullt skrið í Baulu, íþróttahúsi Sunnu-lækjarskóla. Æfingatímar fyrir veturinn eru eftirfarandi:

Börn lægri belti, fædd 2006 og síðar æfa þrisvar í viku kl. 15:00 til 15:50. Eft er mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Börn lægri belti, fædd 2002-2005 æfa sömu daga kl. 16:00 til 16:55. Börn hærri belti, fædd 2002 og síðar æfa sömu daga kl. 17:00 til 17:55. Fullorðnir lægri belti og hærri belti, fædd 2001 og fyrr æfa alla virka daga milli kl. 18 og 20.

Nánari upplýsingar um æfingar eru á heimasíðu Umf. Selfoss www.umfs.is.

Ragnarsmótið

Valsmenn unnu Ragnarsmótið eftir sigur á Stjörnunni í úrslitaleik 33-29. Gróttta varð í þriðja sæti eftir sigur á HK, 32-31. Selfoss tapaði á móti Aftureldingu 27-31 í leik um fimmta sætið. Í fyrri leikjum Selfoss á mótinu gerðu strákarnir jafntefli við Stjörnuna 25-25 og lágu fyrir HK 27-33.

Brynja Hjálmtýsdóttir, systir Ragnars, veitti verðlaun á mótinu ásamt dætrum sínum.

Handknattleiksdeildin þakkar þeim sem komu við í íþróttahúsinu og fylgdust með mótinu. Sérstakar þakkar til fjölskyldu Ragnars og VÍS fyrir stuðninginn en mótið hefur verið haldið með þeirra stuðningi frá upphafi.



Lokahóf knattspyrnumanna

Lokahóf knattspyrnumanna fer fram laugardaginn 27. september. Yngri flokkar ríða á vaðið árla dags en um kvöldið fagna meistaraflokkur og 2. flokkur góðum árangri sumarsins ásamt stuðningsmönnum sínum í Hvíta húsinu.

Forsala miða fer fram hjá Guðfinnu sími: 899 7752 og Þóru sími: 893 2844.

www.hestakrain.is



Réttarstuðið verður á Hestakránni Húsatóftum laugardaginn 13. september

Á réttardaginn:

- **Kjötsúpa** frá kl. 11:30 og þar til búið er úr pottunum.

Um kvöldið:

- Húsið opnað kl. **22:00**
- **Feðgarnir Labbi & Bassi** halda uppi rífandi stemningu!
Aldurstakmark 18 ára

Leigubílar frá Bifreiðastöð Árborgar verða á svæðinu. Sími 482 3800.

Sjáumst!



Sýslumaðurinn á Selfossi

UPPBOÐ Á ÓSKILAHROSSUM

Uppboð á óskilahrossum sem verið hafa í vörslu sveitarfélagsins Flóahrepps fer fram **þriðjudaginn 16. september nk. kl. 13:30 að Breiðholti í Flóahreppi**. Um er að ræða samtals 38 hross, 6 stóðhesta, 4 geldinga, 17 hryssur og 11 folöld.

Ávísanir ekki teknar gildar sem greiðsla nema með samþykki uppboðshaldara eða gjaldkera. Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Selfossi
9. september 2014



Selfoss - KA

1. deild **JÁVERK**-vellinum

Laugardaginn 13. september kl. 14:00

Fjölmennum og hvetjum strákana til sigurs!
Seinasti heimaleikur strákanna okkar í sumar!



SLYSABÆ+UR.IS

DFS.IS
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjallt nýsköpunarverkefni?

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir **umsóknnum um styrki** úr verkefninu **Átaki til atvinnusköpunar**. Veittir eru styrkir til **nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða** starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnis:

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða frumkvöðla og fyrirtækja

Sérstök áhersla er lögð á

- Verkefni sem skapa ný störf
- Nýsköpun og/eða samstarfsverkefni sem byggir á hönnun
- Nýsköpun sem á sér stað í klasasamstarfi
- Verkefni sem eru að stíga fyrstu skref á alþjóðamarkaði

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins.

Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og tækjabúnaði.

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á www.nmi.is

Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið hildur@nmi.is.

Umsóknarfrestur til kl. 12:00 þann 26. september



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands



ATVINNUEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



Glæný lúða

Glæný línúýsa

Lönguflök
roðlaus / beinlaus

Steinbítsflök
roðlaus / beinlaus



**FISKBÚÐ
SUÐURLANDS**

**Opið 9 - 18
virka daga**

Eyravegi 59, Selfossi - Sími 482 2509

Glæsileg uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð var haldin á Flúðum um síðustu helgi og tókst hún mjög vel. Margt var um manninn og glæsileg uppskera á boðstólnum eins og myndirnar hér á síðunni bera með sér.



Fréttir af starfi GF:

Sveitakeppni drengja 15 ára og yngri á Selsvelli

Dagana 22. til 24. ágúst sl. fór fram sveitakeppni drengja 15 ára og yngri á Selsvelli (Golfklúbburinn Flúðir) í Hrunamannahreppi. Til leiks mættu 16 sveitir frá 12 golfklúbbum. Fjöldi keppenda var um 90 talsins og að meðtöldum liðsstjórum og foreldrum voru vel yfir 100 manns á keppnissvæðinu dag hvern.

Keppnin fór þannig fram að fyrst var leikinn högggleikur sem réði uppröðun liðanna í riðlana og síðan holukeppni, alls 5 umferðir. Hver umferð er 18 holur sem þýðir að krakkarnir léku alls um 90 holur yfir helgina. Sigursveit mótsins var sveit Golfklúbbs Reykjavíkur, í 2. sæti sveit Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar og í 3. sæti sameiginleg sveit GHD/GH/GÓ/GSS (Golfklúbbur Dalvíkur, Húsavíkur, Ólafsfjarðar og Sauðárkróks).

Veðurfarið var með þeim hætti að snemma á föstudags- og laugardagsmorgni var hitastigið lágt og flatirnar því héléðar. Yfir daginn hlýnaði mjög vel, sólrikt og stillt veður. Á sunnudeginum var skýjað og fór ekki að rigna fyrr en seinni part dags, rétt eftir að mótinu lauk. Á heildina litið var veðrið því afar hagstætt til golfíðkunar.

Heimamenn í GF sendu í fyrsta sinn sveit til keppni í þessum aldursflokki og þrátt fyrir að lenda í neðsta sæti veittu strákarnir mótherjum sínum verðuga keppni sem sést best á því að margir leikjanna töpuðust ekki fyrr en á síðustu holunum. Með frammistöðunni hefur verið lagður grunnur að áframhaldandi vinnu í barna- og unglingastarfi GF, sem þeir Árni Þór Hilmarsson, íþróttakennari og Karl Gunnlaugsson, fyrrv. formaður GF, eiga fyrst og fremst heiðurinn af. Strákarnir söfnuðu sjálfir peningum fyrir kaupum á liðsbúningum með boltasölu.

Mikil undirbúningsvinna fór fram fyrir keppnina þar sem lögd var áhersla á að snyrta vel allt umhverfi og vallarsvæðið sjálft auk þess að hafa til veitingar handa gestum. Starfsmannafjöldinn var yfir helgina alls 15 manns og vinnutíminn frá kl. 6.00 að morgni til ca. 22.00, dag hvern.

Mikil og góð stemning var alla helgina og voru krakkarnir klúbbum sínum til sóma. Þau voru kurteis, fylgdu vel siðareglum íþróttarinnar og báru virðingu

fyrir andstæðingum sínum og öllu starfsfólki mótsins. Mótsstjórn þakkar öllum keppendum, liðsstjórum og öðrum gestum fyrir skemmtilega helgi.

Unnsteinn Eggertsson,
ritari GF.



Karl Gunnlaugsson, fyrrv. formaður GF, ræsir út keppendur í högggleik.



Sveit GF. Frá vinstri: Kristinn Þór Styrmissen, Halldór Friðrik Unnsteinsson, Gísli Gunnar Unnsteinsson, Eyþór Orri Árnason og Óðinn Freyr Árnason.



Verðlaunasveitir mótsins, frá vinstri: í 3. sæti, GHD/GH/GÓ/GSS (Golfklúbbur Dalvíkur, Húsavíkur, Ólafsfjarðar og Sauðárkróks), í 1. sæti sveit GR og 2. sæti sveit GKG



Akureyringar og Hrunamenn putta á 11. flöt í góðu veðri.



Býrð þú yfir ríkri þjónustulund?

Hótel Örk er fyrsta flokks hótel með frábærri aðstöðu. Okkur vantar gott og þjónustulundað starfsfólk í hópinn.

Starfsmaður í móttöku

Unnið er í vaktavinnu og er vinnutími frá kl. 07-19.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur:

- Samviskusemi
- Rík þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í samskiptum
- önnur tungumál kostur
- Stundvísi
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til 15 september 2014 og skulu umsóknir sendast á dakri@hotelork.is



HÓTEL ÖRK

Breiðumörk 1c, 810 Hveragerði

www.hotelork.is / info@hotel-ork.is / sími: 483 4700

Munum eftir endurskinsmerkjunum

Forvarnarhópur Árborgar vill minna alla á mikilvægi þess að vera með endurskinsmerki núna þegar dimmir fyrr á daginn. Þetta á jafnt við um börn og fullorðna.



Forvarnahópur Árborgar

Opinn dagur í Sportstöðinni laugardaginn 13.september Frítt inn og allir velkomnir!

20% afsláttur í tilefni dagsins á:
Árskortum, 6 mánaðakortum og skólakortum
aðeins þennan eina dag!

Kynning á tímum stöðvarinnar (laugardagsfjör)

Salur 1

10:00-10:30

Spinning Hafsteinn/ Heiðrún

10:30-10:50

Body Pump

Berglind/Guðrún Ásta

10:50-11:10

Vaxtamótun

Guðrún Ásta

11:10-11:30

Bootcamp

Guðrún Hrafnhildur

11:30-11:40

Dansfjör

Íris Anna

11:40-12:00

Body Balance

Guðfinna

Salur 2

11:00-11:40

MMA kynning

Brynjólfrur

Opið frá kl 9:00-16:00

Nú er tækifærið, láttu sjá þig og við tökum vel á móti þér!

SPORTSTÖÐIN

Sportstöðin | Eyraveggi 33 | 800 Selfoss | Sími: 482-4140 | sportstodin@sportstodin.is




TREK

ALLT AÐ

30%

AFSLÁTTUR AF REIÐHJÓLUM



TREK

Tilboðin glíða út september 2014

JÖTUNN
VÉLAR - VÉRLUN - VARAHLUTIR

Austurvegi 69 - 800 Selfoss / Lónsúkkli - Göt Alureyn / JUB - Eplisatúli
Sími: 480 5400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

hjóllum saman!

Fimmtudaginn 18. september kl. 18:00

ætlum við taka einn léttan, góðan
hjólatúr um Selfoss.

Eftir það bjóðum við
ykkur í rjúkandi súpu og
gott brauð með!

allir velkomnir!

Lagt verður af stað
frá verslun Jötuns
að Austurvegi 69, Selfossi.



JÖTUNN
VÉLAR - VÉRLUN - VARAHLUTIR

Samstarf í héraði skiptir miklu máli

Íbyrjun ágúst tók Ágúst Sigurðsson við starfi sveitarstjóra í Rangarþingi ytra en hann var jafnframt efsti maður á lista Sjálfstæðismanna sem hélt meirihluta sínum í sveitarstjórnarkosningunum sem fram fóru síðastliðið vor. Ágúst settist niður með ritstjóra Dagskrárinnar sl. föstudag og fór yfir helstu verkefni sveitarfélagsins.

„Við erum auðvitað í þessari grunnþjónustu eins og önnur sveitarfélög, þ.e. að þjónusta íbúana okkar og reyna að gera það eins vel og við getum, halda þétt utan um sveitarsjóðinn og hafa það allt saman eins traust og tryggt og mögulegt er. Það er grunnurinn að þessu öllu saman. Núna erum við að fara inn í þann tíma þar sem við endurskoðum allar fjárfestinga- og fjárhagsáætlanir. Síðan erum við að byrja á áætlunum fyrir næsta ár“, sagði Ágúst.

Þjónustumiðstöð í nýtt húsnæði um áramótin

Þegar Ágúst var spurður um helstu framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins nefndi hann fyrst breytingar varðandi þjónustumiðstöð sveitarfélagsins. Þjónustumiðstöðin hefur verið í leiguhúsnæði, sem sveitarfélagið á reyndar að hluta, þar sem gömlu kaupfélagsverkstæðin voru.

„Sveitarfélagið festi nýverið kaup á mjög góðu húsi hérna á Hellu sem Hitaveitan byggði á sínum tíma og Orkuveita Reykjavíkur hefur átt. Það er í iðnaðarhverfinu við hliðina á Samverk. Þetta er mjög gott hús sem við fengum á góðum kjörum. Við munum flytja þangað um áramótin. Með því mun verða ákveðin breyting hjá okkur. Það verður betra pláss þannig að við getum haft allt okkar dót á sama stað. Þar verður áhaldahúsið okkar, það sem snýr að vatnsveitunni og í rauninni öllum þessum framkvæmdaverkum sem eru á vegum sveitarfélagsins“, sagði Ágúst.

Viðbygging við hjúkrunar- og dvalarheimilið Lund

Af öðrum verkefnum nefndi Ágúst viðbyggingu á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Lundi en samningur um þá framkvæmd verður undirritaður í vikunni.

„Það hefur verið lengi í undirbúningi en núna er verið að stíga það skref að semja við ríkið um þessa viðbyggingu sem mun bæta aðstöðu heilmikið, sérstaklega fyrir fólk sem er með heilabilun. Hún mun líka gera plássíð á dvalarheimilinu rýmra og betra. Vonandi tekst okkur að fækka tvíbýlum. Þetta er auðvitað að stærstum hluta fjármagnað af ríkinu en við tökum þátt í því ásamt félögum okkar í Ásahreppi. Þetta er mikið framfaraskref. Við erum mjög stolt af Lundi, þetta er góður vinnustaður og þar lifur fólk vel. Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina og gott að geta hlúð að því áfram“, sagði Ágúst.

Íðar allt í kringum ferðaþjónustuna

Hvað skipulagsmálin í sveitarfélaginu varðar vildi Ágúst sérstaklega draga fram skipulagsmál hálendisins. Fyrir á árinu var sett af stað samkeppni um skipulag Landmannalaugasvæðisins þar sem nokkrir aðilar keppa í hugmyndavinnu og um framtíðarhugmyndir fyrir svæðið. „Þetta verkefni er mjög spennandi. Landmannalaugar skipta mjög miklu máli, eru einn af þessum seglum í ferðaþjónustu á svæðinu“, sagði Ágúst. „Ferðaþjónustan er líka mjög stórt mál hjá okkur. Það íðar allt í kringum ferðaþjónustuna. Það er mikið byggt og margt nýtt að fara af stað. Nýjasta dæmið er Stracta hótelið sem var opnað fyrir skömmu, en það eru líka mörg fleiri hótél hér á svæðinu.“

Hlúð að ferðamannastöðum

Ágúst sagði að sveitarfélagið væri að vinna að umhverfismálum og hlúa að þeim ferðamannastöðum sem eru vinsælastir og eru á ábyrgð sveitarfélagsins,



Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangarþings ytra.

byggja þar upp aðstöðu þannig að þau fari ekki í svað.

„Við fengum svolitla fjármuni til að byggja upp á einum fimm stöðum. Við erum að vinna í því þessa dagana, leggja stíga og koma upp útsýnispöllum þar sem þeir eiga heima og laga bílastæði. Ég nefni t.d. Fossabrekkur þar sem eru upptök Ytri Rangár sem er



Skrifstofur Rangarþings ytra á Hellu. Heilsugæslan er á fyrstu hæð í húsinu til hægri.

vin á sandinum við Búrfell. Þar sjáum við að ferðamannastraumur er að aukast. Svo má nefna svæðið við Þjófafoss þar sem þarf að laga bílastæði, aðgengi og slíkt. Síðan er líka verið að leggja göngustíg milli fossanna hérna á Hellu, frá Ægissíðu-fossi upp að Árbæjarfossi, þar sem vonandi verður líka í framtíðinni hægt að hjóla og njóta náttúrunnar. Þetta er um 5 km frábær gönguleið. Síðan er draumur okkar að merkja líka betur þessa staði okkar með samræmdum hætti. Við erum heilmikið með hugann við þetta þ.e. umhverfismálin og það sem tengist ferðaþjónustunni“, sagði Ágúst.

Fjarskipti er áherslumál hjá okkur

Aðspurður um önnur hagsmunamál íbúa í Rangarþingi ytra nefndi Ágúst ljósleiðaravæðingu. „Ljósleiðaravæðing sveitarfélagsins er okkur mjög ofarlga í huga. Það er sannarlega mál sem við viljum hrinda í framkvæmd sem fyrst. Það kostar auðvitað fullt af peningum og við þurfum auðvitað að stíga varlega til jarðar og taka einhver skref. En þessi skref verður að taka. Það held ég að sé alveg ljóst. Sveitarfélög eru að feta þessa leið með ýmsum hætti og

við erum að skoða allar leiðir til þess að sjá hvað við getum gert og hversu hratt. Þessi fjarskipti er áherslumál hjá okkur“, sagði Ágúst.

Heilsugæslan í endurnýjað húsnæði

„Síðan má nefna heilsugæsluna. Þó hún sé ekki okkar verkefni þá skiptir hún okkur gríðarlega miklu máli, þ.e. að hún sé til staðar og virki fyrir fólkið okkar hér. Við reynum að vera á tánum hvað það varðar, ýta á eftir því eins og hægt er. Það er gaman að segja frá því að í sumar var húsnæðið tekið í gegn og heilsugæslan er um þessar mundir að flytja inn í endurnýjað húsnæði. Það er ánægjulegt“, sagði Ágúst.

Leikskólagjöld lækkuð um fjórðung

Ágúst nefndi líka skólamál sem hann sagði að væru mjög mikilvæg fyrir sveitarfélagið. „Það eru reknir hér góðir skólar og unnið gott starf. Við höfum lagt áherslu á að létta heldur byrðar hjá barnafólki, fórum t.d. út í það að lækka leikskólagjöld um fjórðung frá og með 1. september. Við viljum halda lengra á þeirri braut en þetta er það sem við treystum okkur til. Skólamálin eru áherslumál hjá okkur eins og öllum öðrum“, sagði Ágúst.

Ætlum að vinna vel saman

„Við erum mörg ný hér í sveitarstjórninni og óhætt að segja að þetta starf fari mjög vel af stað. Við erum öll harðakveðin í því að standa okkur fyrir okkar sveitarfélag hvar sem við stöndum í flokkum. Ég á von á því að okkur muni takast að vinna mjög vel saman, það verði beitt stjórnarandstaða og aðhald á báða vegu og að menn hjálpist að í þessu. Það er okkar stefna“, sagði Ágúst.

„Samstarf okkar í héraði á sýsluvisu skiptir okkur líka miklu máli. Við erum með nokkur stór verkefni sem við rekum saman og mér sýnist það vera í mjög góðum farvegi. Menn vinna mjög vel saman. Það er bæði sorphirðan og brunavarnirnar, tónlistarskólinn og fleiri verkefni sem við rekum sameiginlega á sýsluvisu og er mikill styrkur fyrir svæðið“, sagði Ágúst.

-Viðtal/ljósmyndir: Örn Guðnason.



Laust starf skólafulltrúa – Fjölbrautaskóli Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurlands auglýsir stöðu skólafulltrúa lausa til umsóknar frá 1. október 2014. Um er að ræða 65% starf.

Skriflegar umsóknir ásamt greinargerð um menntun, fyrri störf og sakavottorð berist Fjölbrautaskóla Suðurlands, Tryggvagötu 25, 800 Selfossi fyrir 24. september 2014.

Leitað er eftir skipulögðum einstaklingi með mikla þjónustulund og jákvæða framkomu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi áhuga á skólastarfi.

Skólafulltrúi afgreiðir erindi nemenda, gesta og starfsmanna FSu, svarar erindum símleiðis, sér um skráningu ýmissa gagna, útgáfu vottorða og námsferla. Vinnur að skjalavörslu. Um er að ræða fjölbreytt og lifandi starf. Góð tölvukunnátta er nauðsynleg.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi FOSS og stofnanasamningi skólans. Umsóknarfrestur er til 24. september 2014.

Nánari upplýsingar um starfið veita Olga Lís Garðarsdóttir skólameistari (olgalisa@fsu.is), Þórarinn Ingólfsson aðstoðarskólameistari (toti@fsu.is) og Inga Magnúsdóttir skrifstofustjóri (inga@fsu.is) eða í síma 480 8100 á skrifstofutíma.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans www.fsu.is

Skólameistari



Íþróttaskólinn

Byrjar sunnudaginn 14. september til og með 16. nóvember

Kennt er í Baulu íþróttahúsi
Sunnulækjarskóla

Verð kr. 12.000,- 50% afsláttur fyrir systkini
Skráning á staðnum frá klukkan 9:30.

10:00-10:50: Börn fædd 2013
og 2012, júlí til desember.

11:00-11:50: Börn fædd 2012,
janúar til júní og börn fædd 2011.

Kennarar á námskeiðinu eru:
Steinunn H. Eggertsdóttir og
Heiðrún Jóhanna Heiðarsdóttir



Dagur íslenskrar náttúru – gróðursetning og fjöruferð

Í tilefni af degi íslenskrar náttúru verður farið í fjöruferð á Stokkseyri sunnudaginn 14. september nk. Byrjað verður við Þuríðargarð kl. 14:00 þar sem gróðursett yrði eitt tré í tilefni dagsins og síðan farið í gönguferð um Stokkseyrarfjöru undir leiðsögn Siggeirs Ingólfssonar og Elfars Guðna Þórðarsonar.

Við lok göngunnar rúmlega 15:00 verður boðið upp á kaffi og með því í Gallery Gimli.

Allir velkomnir

Sveitarfélagið Árborg

Hlutverk FSu í sunnlensku samfélagi

Hefur þú skoðun á hlutverki FSu? Hvernig sérðu fyrir þér skólann þróast á næstu 10 árum? Hvernig er hægt að bæta og efla skólann?

Þann 1. október nk. kl. 13:00–16:00 verður rætt um hlutverk FSu í sunnlensku samfélagi. Þá verður haldinn skólafundur með velunnurum, starfsmönnum og nemendum. Fundurinn verður með sama sniði og stóri þjóðfundurinn í Laugardalshöll var árið 2010.

Nú gefst tækifæri til að hafa áhrif á framtíðarsýn skólans, hvernig megi efla hann og bæta. Okkur langar að fá foreldra, íbúa, sveitarstjórnarfólk og embættismenn sveitarfélaganna sem að skólanum standa, fulltrúa atvinnulífsins og alla sem áhuga hafa á framtíð menntunar og skólans okkar á Suðurlandi á fundinn.



Niðurstöður þessa fundar verða m.a. grunnurinn að framtíðarskipulagi námsframboðs skólans sem verður unnið að í vetur, en ný lög um framhaldsskóla ganga að fullu í gildi á næsta skólaári, 2015-2016.

Við vonum að fulltrúar

ofantalinna hagsmunahópa sjái sér hag í að mæta og taka þátt í fundinum enda um mikilvægt málefni að ræða sem hafa mun áhrif á framtíðarþróun á Suðurlandi.

Fréttatilkynning frá
Fjölbrautaskóla Suðurlands.



Selfosskirkja Æskulýðsfulltrúi óskast til afleysinga

Sóknarnefnd Selfosskirkju auglýsir eftir æskulýðsfulltrúa til afleysinga í sex mánuði næsta vetur frá 1. nóvember 2014 til 30. apríl 2015.

Um er að ræða 100% starf sem felur í sér umsjón með æskulýðsstarfi á vegum Selfosssóknar í samráði við presta Selfosskirkju.

Menntun og reynsla sem nýtist í starfi nauðsynleg.

Nánari upplýsingar um starfið og starfskjör veita Björn Ingi Gíslason, formaður sóknarnefndar (bjossirak@simnet.is) og sr. Axel Árnason Njarðvík héraðsprestur (axel.arnason@kirkjan.is, s. 482 2375) og sr. Ninna Sif Svavarsdóttir (ninnasif@gmail.com, s. 482 2275).

Umsækjendur geri skriflega grein fyrir menntun sinni og reynslu í æskulýðsstarfi.

Umsóknir sendist á: Sóknarnefnd Selfosskirkju b.t. Björns Inga Gíslasonar formanns v/ Kirkjuveg 800 Selfossi. Umsóknarfrestur er til 1. október 2014.

Til Köben skal haldið

Nemendur í dönsku 303 í Fjölbrautaskóla Suðurlands stefna á að fara í saman í námsferð til Kaupmannahafnar í nóvember. Mikil skipulagning liggur að baki svona ferð og undirbúningur er strax hafinn. Nemendur ætla að skoða danska menningu, heimsækja danskan framhaldsskóla og jafnvel að skella sér í Tívoli. Ida lön og Málfríður Garðarsdóttir munu fara með hópnum og verða ábyrgðamenn ferðarinnar. Nemendur í áfanganum eru tæplega 30 talsins. Markmiðið með ferðinni er meðal annars að nemendur kynnist danskri menningu, læri að þekkja Kaupmannahöfn og taka meiri ábyrgð á sjálfum sér. Þeir læra einnig mikið á því að skipuleggja ferðina sjálfir frá a-ö. Mikil eftirvænting ríkir í hópnum og Ida dönskukennari getur ekki beðið eftir að fá sér brenndar möndlur á Strikinu. -ghb/hím

Á Íslendingaslóðum í Vesturheimi

Föstudaginn 31. júlí sl. lagði Samkór uppsveita Árnessýslu, 28 kórfélagar ásamt mökum og öðrum fylgifyrirkum, upp í ferðalag á Íslendingaslóðir í Vesturheimi. Samkór uppsveita Árnessýslu er eins og nafnið bendir til samtíningur af söngfólki úr fjórum kórnum úr uppsveitum Árnessýslu. Kórstjóri er Jón Bjarnason organisti í Skálholti. Ferðin var á vegum Bændaferða og var fararstjóri Almar Grímsson og sonur hans Steinar.

Flogið var til Minneapolis og gíst þar. Snemma morguns var síðan haldið af stað til Grafton í Norður Dakota, en þar var gíst í tvær nætur. Það var frekar tilbreytingalítið landslag sem mætti okkur er við okum um sléttur Bandaríkjanna og Kanada, en við keyrðum samtals í ferðinni sem samsvarar tveimur hringjum kringum Ísland.



Helga, Ragnheiður og Dís.

Næsta dag var haldið til smábæjarinnar Mountain í Norður-Dakóta. Á þeim slóðum settist að nokkur hópur Íslendinga. Stephan G. Stephansson (1853-1927) bjó m.a. þar um hrið, en flutti síðan vestur til Klettafjallanna. Einnig bjó á þessum slóðum vestur-íslenska kímíniskáldið Káinn, Kristján Níels Jónsson (1860-1936), en leiði hans er í Þingvalla-kirkjugarðinum skammt utan við bæinn. Heimsóttum við leiði hans og var koniaki hellt yfir það, en það mun vera alsíða þegar íslenskir ferðalangar eiga leið þarna um. Skáldskapur Káins einkennist af hómor og kerskni, en hann átti líka mýkri hliðar eins og fram kemur í ljóði sem hann orti til Sínu litlu Geirs.

*Síðan fyrst eg sá þig hér,
sólskin þarf eg minna;
gegnum lífið lýsir mér
ljósið augna þinna.*

Baggalútsmenn héldu til Vesturheims vorið 2009 á sömu slóðir. Afrakstur ferðarinnar var hljómdiskurinn Sólskiníð í Dakóta, þar er m.a. þetta kvæði sungið.

Í Mountain var Íslendingadagurinn haldinn hátíðlegur með pompi og prakt. Hátíðardagskrá var um kvöldið í samkomuhúsinu þar sem ávörp voru flutt og kórinn söng. Samkomunni stjórnaði Curtis Olafsson nautgripabóndi, en hann er kominn af Íslendingum í allar ættir, eða eins og hann segir sjálfur: „A full blooded Icelandic“.



Ferðalangar við stytta af Jóni Sigurðssyni í Þinghúsgarðinum í Winnipeg

Árla næsta morgun var lagt af stað til Kanada. Til Winnipeg komum við seinnipart dags en þar gístum við þær þrjár nætur sem við dvöldum í Kanada. Í Winnipeg röltu margir niður að The Forks þar sem árnar Assiniboine og Rauða mætast.

Mánudaginn 4. ágúst var Íslendingadagurinn í Gimli haldinn hátíðlegur. Þar var m.a. stór og mikil skruðganga þar sem kórfélögum var ekið um á stærðarinnar trailer en setið var á heyböggum á pallinum og sungið. Síðan tók við hátíðardagskrá: Ávarp fjallkonunnar og ræðuhöld, en kórinn söng milli atriða. Meðal ræðumanna var Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sem stóð sig með mikilli þrýði þrátt fyrir úrhellisrigningu (kannski vanur því úr Skagafirðinum). Einn ræðumanna,



Magga og Jón á góðri stund.

Óli Narfason, lauk sinni ræðu með því að syngja *Öxar við ána* fullum hálsi og tóku viðstaddir undir. Í lok dags skoðuðum við landtökustað íslensku landnemanna í Víðinesi við Winnipegvatn. Þar kom fólkið í land 21. október 1875 í slæmu veðri. Hlytur það að hafa verið ansi kalt og hráslagalegt.

Næsta dag var haldið til Nýja Íslands. Farið var aftur til Gimli og Mikley (Hecla) skoðuð, en fyrr var þar rammíslensk byggð. Ekið var um Íslendingabyggðir og m.a. komið við á bænum Engimýri. Þar hittum við Nelson Gerrard, en hann talar íslensku reiprennandi. Næsti bær við Engimýri er bærinn Víðivellir en þar fæddist vestur íslenska skáldið Guttormur J. Guttormsson (1878-1966). Loks var haldið til Árborgar



Kórinn í skruðakstri



Sungið í Gimli.

og var kórinn með söngskemmtun þar um kvöldið. Einna skemmtilegast var að tala við fólkið sem kom að hlusta á okkur. Margt af fullorðna fólkinu talaði íslensku reiprennandi og finnst gaman að hafa tækifæri til að tala hana. Fullorðinn maður sagði okkur að íslenska hafi verið hans fyrsta mál. Allir í sveitinni á hans æskulóðum hafi talað íslensku. Hann lærði ekki ensku fyrr en hann fór að ganga í skóla. Önnur kona sagði frá því að afi sinn hefði ekki ansað þeim systkinunum nema þau töluðu við hann íslensku.

Að morgni 6. ágúst héldum við af stað frá Winnipeg og gístum eina nótt í Fargo USA þar sem fólki gafst kostur á að bregða sér í amerískt „moll“. Voru menn misspenntir fyrir því, nokkrir (aðallega karlmenn) voru í „BBBB félaginu“ sem útleggst: *biða-borga-bera og brosa*.

Það að koma til Vesturheims og hitta þar fólk af íslensku bergi brotið fyllir mann þjóðarstolti. Það er mjög skemmtilegt að sjá hversu stolt fólk er af Íslandi og sínum íslenska uppruna. Kunnum við ferðafélögum, kórstjóra, fararstjórum og einnig honum Larry, bílstjóranum okkar í ferðalaginu okkar, bestu þakkir fyrir bráðskemmtilega ferð.

Eins viljum við þakka þeim sem styrktu okkur til þessara farar en þeir eru: Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Héraðssjóður Suðurlandsprófastsdæmis, Landsbankinn og Atvinnuvegaráðuneytið.

Dís og Helga.

Síðustu sýningardagar Snertipunkta í Listasafninu

Um helgina lýkur þessari skemmtilegu og jafnframt margslungnu sýningu, þar sem gestir hafa líka verið þátttakendur í sumum verkanna. Fjölbreytt verkin eru eftir sjö íslenska myndlistarmenn sem fæddir eru á árunum 1948-1966. Viðfangsefni og efnisnotkun þeirra er ólík og endurspeglar gróskuna í íslenski samtímamyndlist.

Á næstisíðasta sýningardegi Snertipunkta, laugardaginn 13. september kl. 15 mun Margrét Elísabet Ólafsdóttir sýningarstjóri ræða við gesti um verkin á

sýningunni. Margrét Elísabet valdi saman verkin á sýningunni og hefur einnig ritað grein í sýningarskrána þar sem hún fjallar um félagslegt samhengi myndlistar í sögulegu ljósi og starfsumhverfi íslenskra myndlistarmanna.

Helgina 12.-14. september eru síðustu sýningardagar Snertipunkta og gott tækifæri gefst á laugardegnum að velta fyrir sér mismunandi snertipunktum hennar í spjalli við sýningarstjóran. Listasafn Árnesinga er opið kl. 12-18, allir velkomnir, líka börn og

aðgangur er ókeypis. Tvær nýjar sýningar verða síðan opnaðar laugardaginn 27. september.



Úr seríunni STÓÐ eftir Þuríði Sigurðardóttur.

BÍLAR

KLETTUR
Bífreidaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bífreiða og almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar
Shell smurþjónusta
ÞJÓNUSTUUMBOD SELFOSSI



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

HEILSA

Dáleiðsla - heilsuráðgjöf - nudd - svæðanudd

Svæðanudd, nudd, augnlestur, heilsuráðgjöf, einnig dáleiðsla en með dáleiðslu má m.a. finna rót heilsuvandamála, aðstoða fólk við að hætta að reykja, bæta árangur á mörgum sviðum, upplifa brót úr fyrri æviskeiðum, vinna að æskilegri líkamsþyngd og margt fleira. Vinn einnig með kenningar Edgars Cayce um grunn góðrar heilsu með hollu mataræði, með líkamsrækt og jákvæðu hugarfari. Bókanir í síma 898 1501.

Heiðar Ragnarsson,
Heilsulindinni, Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi

TIL SÖLU



Antiksófi til sölu

Til sölu danskur antiksofi frá 1920. Þarfnast víðgerðar á setu. Verðtilboð. Uppl. í síma 865 4376.

MARKAÐUR

með nýtt og notað

í Björkinni, Hvolsvelli 13. - 14. sept. Ópið lau. frá kl. 12-17, sun. frá kl. 13-17. Komið og gerið góð kaup! Ath: Ekki posi.

Til sölu Peugeot 206

árg. '99. Ekinn 113 þús. km. Ný skoðaður, 5 dýra og 5 gíra. Rafmagn í rúðum, vetrar- og sumardekk. Verð 225 þús. kr. Uppl. í síma 772 1456.

DÝRAHALD



Kettlingar til sölu

2 fress og ein læða óska eftir góðu heimili, fresskettirnir eru silfurlitir. Hver kettlingur á 3000 kr. Uppl. í síma 650 5801.

ÞJÓNUSTA



Sveinn Skorri Skarphéðinsson
Sími 893 0422
sveinnskorri@gmail.com

X5

Persónuleg þjónusta

Bílavíðgerðir

Hjólbarðasala

Hjólbarðapjónusta

Gagnheiði 34 S: 893-3305



• STEYPUSÖGUN • KJARNA-BORUN • INNRÖMMUN • • FLUTNINGAR •

Saga dyragöt, gluggagöt og fleira í steinsteypu. Kjarnaborun fyrir lögnum. Ramma inn myndir, spegla og fleira.

Ópið frá kl. 12-20 virka daga, og þess utan ef einhver er við.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 482 2319 - 893 9068.
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.



**LAGNA
POSTULINN**

Viðar Magnússon
pípulagningameistari

Kringlumýri 1 • 800 Selfoss

Sími 893 0085
vidarm@simnet.is

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27- 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Launavinnsla
Reikningaskrif

Greiðslumat
Greiðsluferfiðleikamat
Persónuleg þjónusta



KJARNA-BÓKHOLD
Austurvegi 6 - 800 Selfossi
Sími 482 3755 - kjarne@centrum.is

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Ráð í rekstri!

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KOBBA



2 ferðir til Reykjavíkur
DAGLEGA
772 6010

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESYSLU**
Sími 696 1752

Al-Anon
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 21:00, Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla sunnudaga kl. 16
Hrísholti 8, Selfossi (AA húsið).
Nánari upplýsingar coda.is.

AA
Fundir alla miðvikudaga kl.
19:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is

Þórhallur verður með einka-fundi 13. október.
Uppl. og tímapantanir í síma
861 2150.
Sálarrannsóknarfélagið
Austurvegi 26, Selfossi
(bak við pósthúsið)

KIRKJUR

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40b
www.selfossgospel.is

Sunnudaga kl. 11:00 - Samkoma, barnapössun og kaffiveitingar.
Mánudaga kl. 20:00 - Celebrate Recovery 12 spora fundir. Opnir fyrir alla.
www.celebraterecovery.is.
Fimmtudaga kl. 19:00 - Bænastund

Skálholtsdómkirkja
Messa sunnudag 14. september kl. 11.00.
Sóknarprestur.

Selfoskirkja

Fjölskylduðugðsþjónusta kl. 11 sem markar upphaf vetrarstarfsins í kirkjunni. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir og æskulýðsleiðtogar þjóna. Félagar í barna- og unglingakórum kirkjunnar syngja undir stjórn Edít Molnár. Létt máltíð í safnaðarheimili að messu lokinni. Kl. 20: Septembertónleikar. Douglas Brochie leikur á orgelið.

HÚSNÆÐI Í BÓÐI

Til leigu á Selfossi
Íbúð til leigu, þrjú svefnhergi og stofa. Ný standsett. A góðum stað á Selfossi.
Upplýsingar í síma 865 2465 eftir kl. 18:00 á daginn.



Frá undirritun samninga um fullnaðarhönnun verknámsaðstöðu FSu.

Skrifað undir samninga um fullnaðarhönnun stækkunar verknámsaðstöðu FSu

Gengið hefur verið frá samningi um fullnaðarhönnun stækkunar verknámsaðstöðu Fjölbautaskóla Suðurlands. Um er að ræða 1.653 fermetra viðbyggingu, ásamt lóð og endurbótum á núverandi húsnæði, Hamri, sem er 1.230 fermetrar. Hönnunin verður unnin í samræmi við verðlaunatilögu sem valin var í hönnunarsamkeppni á síðasta ári. Það er Teiknistofan Arkitektar ehf. (TARK) sem átti verðlaunatilöguna og annast

hönnun byggingarinnar og er áætlað að hönnun verði lokið um miðjan desember.

Samninginn undirrituðu fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Þráinn Sigurðsson, Ivon S. Cilia, framkvæmdastjóri TARK og fyrir hönd Sveitarfélagsins Árbogar, Héraðsnefndar Árneseinga og Héraðsnefndar Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga þau Ásta Stefánsdóttir, Valtýr Valtýsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRI
ÓSKAST TIL STARFA!

Við leitum að jákvæðum, heiðarlegum og þjónustulunduðum einstaklingi. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.



Nánari upplýsingar veitir
Hafþór verslunarstjóri
í síma 842-8080 eða á netfanginu
selfoss@rfl.is

Umsóknarfrestur er til 29. september 2014

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGID • BADIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími





Bara nokkuð gott í sumar

Veitingastaðurinn Kanslarinn er staðsettur við þjóðveg 1 á Hellu. Þar er m.a. boðið upp á hamborgara, pizzur, samlokur, steikur og fiskrétti. Einnig er hægt að horfa á boltann í beinni og öðru hvoru eru böll haldin þar. Framkvæmdastjóri staðarins er Helgi Bjarni Óskarsson.

„Ég byrjaði 1993 að selja Kók og Prins og leigja vídeospólur og selja raftæki og svona ýmislegt. Ég byggði síðan

þetta hús sem Kanslarinn er í 1996 og opnaði veitingastaðinn í júní 1997. Ég byggði síðan við 2000 og svo aftur 2004. Veitingahúsið er í eldri hlutanum en svo er ég með gistingu í austari hlutanum sem ég byggði 2004. Við opnuðum gistingu á fyrrihaust. Þetta er svona mini hótél með 5 herbergjum sem passar ágætlega inn í þennan rekstur“, sagði Helgi.

Helgi sagði að á Kanslaranum væri boðið upp á hefðbundinn

mat, hamborgara, pizzur, lambakótilettur, fisk og ýmislegt fleira. „Helstu viðskiptavinir okkar er bara fólk á ferðinni, ferðafólk, heimamenn og útlendingar. Reyndar hefur verið mest um útlendinga upp á síðkastið. Það er opið allt árið og hefur bara gengið ágætlega. Bransinn í sumar hefur bara verið nokkuð góður. Við erum 5-6 sem vinnum við þetta“, sagði Helgi.

VIÐHALD

fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir
fasteigna fyrir fyrirtæki,
húsfélög, einstaklinga
og sumarhúsaeygndur.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinna
- trésmíðavinna
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flisalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir

Sveppagreining og allar almennar greiningar á fasteignum

Sími 665 4984
sudurland@vidhald.is
www.vidhald.is

**Raf- og Kæli-
þjónustan ehf.**
Sími 692 4649

- Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
- Ísskápa viðgerðir
- Almennar raflagnir

FRÓN

heittasti tónlistar- & næturklúbbur á Íslandi

Fin.: Trúbbastemning - Magnús Kjartan Fimm í fötu á 2.500!

Fös.: Úr höfuðborginni kemur DJ BS Tempo! Komdu út að dansa!

Lau.: BRAZIL BALLANTINESVEISLA kl. 23:00! 100 fyrstu fá ljúffengan BRAZIL BALLANTINES drykk. Hinn ofursvali SETH SHARP spilar í fyrsta sinn á FRÓN! Hann er hrikalega vinsæll - þú vilt ekki missa af þessu kvöldi!

Boltinn í beinni

fron@fronclub.is / Eyraveggi 35 / 800 selfoss

VÖRUFLOTNINGAR

Reykjavík - Árnassýsla
Sækjum vörur í Reykjavík.



Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Sími 856 1580

Vörumóttaka - Héðinsgata 1-3

Nesfrakt



SÍMI 482 3800

Opið allan sólarhringinn um helgar



**HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar

Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.

Símar 483 3827 og 897 8444

Freint um allt Suðurland



**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



3 km. frá Flúðum

Opið alla daga frá kl. 11-18.
Sími 820 7590



BÓNFÉÐGAR

Gagnheiði 51- Selfossi

Símar 482 2327 - 848 2327

- Sækjum og skilum -

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Auglýsingasíminn
er **482 1944**

Josera.
super premium
gæludýrafóður

Fæst hjá
BYKO Selfossi



FASTEIGNAVIDHALD
Viðhald og nýsmíði fyrir fyrirtæki,
húsfélög, einstaklinga,
sumarhúsaeygndur og aðra
fasteignaeigendur

Trésmíði innan- og utanhúss

- * Mótauppláttur
- * Steypuvinna
- * Múrviðgerðir
- * Þakviðgerðir
- ** Þaðherbergisviðgerðir
- * Málningarvinna
- * Gluggaskipti
- * Glerskipti
- * Almennar raflagnir
- * Flisalagnir

Myglusveppagreining og greining á öðrum vandamálum

BJ
Fasteignir
863 8527

Stjórnumót ehf.

**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Smurpöjónusta
Betri vörur - betra verð

**LJÓSMYNDASTOFA
SUÐURLANDS**

**PASSA
MYNDIR**



Eyragvegur 38

sími: 4821766

FILMVERK
Staðsetningarmyndir



Útfararþjónusta

Vistvænar íslenskar kistur
Þjónusta allan sólarhringinn

Sími 482 4300

Netfang: fylgd@fylgd.is - Vefsíða: fylgd.is



Gísli Gunnar Guðmundsson



Elfar Freyr Sigurjónsson



Svanhildur Eiríksdóttir



GK GLUGGAR

Norður-Nýjabæ | 851 Hellu | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is



**Vinnuvélanámskeið
Meiraprófsnámskeið**

Eyragveggi 55, Selfossi - Þráinn, sími 892 9594 - www.okuskoli.is